



HÁSKÓLI ÍSLANDS
Hugvísindasvið

Húsmæðraskólalíf

Heimildamynd um líf á húsmæðraskólum fyrir 1980

Lokaverkefni til M.A.-prófs

Fanney Hólmfríður Kristjánsdóttir

Maí 2012

Háskóli Íslands

**Sagnfræði- og heimspekideild
Hagnýt menningarmiðlun**

Húsmæðraskólalíf

Heimildamynd um líf á húsmæðraskólum fyrir 1980

Lokaverkefni til M.A.-prófs

Fanney Hólmfríður Kristjándóttir

Kt.: 301285-2809

Leiðbeinandi: Halla Kristín Einarsdóttir

Maí 2012

Ágrip

Þessi greinargerð er hluti af lokaverkefni við hagnýta menningarmiðlun. Í henni er fjallað um vinnuferlið við framleiðslu heimildamyndarinnar *Húsmæðraskólalíf*, sem fjallar um lífið á húsmæðraskólum á 6., 7. og 8. áratug 20. aldar og byggist á frásögnum 12 kvenna úr sjö húsmæðraskólum. Í greinargerðinni er heimildamyndin sett í samhengi við fræðilega umfjöllun um heimildamyndagerð auk þess sem siðferðileg álitamál og ábyrgð kvikmyndagerðarmanna eru dregin fram. Þá er eftirtöldum spurningum svarað: Hvers vegna var þetta viðfangsefni valið? Hver er fræðilegur tilgangur myndarinnar *Húsmæðraskólalíf*? Hvernig var vinnuferlið? Hvernig heimildamynd er *Húsmæðraskólalíf*? Hvaða aðrir miðlar koma til greina við miðlun þessa efnis?

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
1. Verkefnið	4
1.1. Val verkefnis og aðdragandi.....	4
1.2. <i>Húsmæðraskólalíf</i> - fræðilegur tilgangur myndar	4
1.3. Um húsmæðrafræðslu á Íslandi	4
1.4. Grunnhugmynd og markhópur	6
2. Vinnuferlið.....	8
2.1. Leitað að viðmælendum	9
2.2. Viðtölin.....	10
2.3. Handritavinnsla.....	16
2.4. Myndvinnsla.....	21
2.5.1. Ljósmyndir.....	21
2.5.2. Annað myndefni.....	22
3. Heimildamyndir sem miðlun	24
3.1. Hvernig heimildamynd	24
3.2. Samanburður við aðrar miðlunarleiðir	26
Lokaorð	30
Heimildaskrá.....	31
Viðaukar	33
Viðauki I.....	33
Viðauki II	36
Viðauki III.....	37
Viðauki IV.....	38
Viðauki V	39
Húsmæðraskólalíf - Handrit að heimildamynd	

Inngangur

Þessi greinargerð er hluti af lokaverkefni sem unnið var í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands. Henni er ætlað að veita innsýn inn í það ferli og þá vinnu sem fór í framleiðslu heimildamyndarinnar *Húsmæðraskólalíf*. Í henni verður skoðað hver markhópur heimildamyndarinnar er, sýnt fram á hvernig tæknileg vinna fór fram, hvernig vandamál voru leyst og síðast en ekki síst er ætlunin að greina myndina út frá fræðilegri umræðu um heimildamyndir og heimildamyndagerð. Ég mun einnig leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

- ▲ Hvers vegna þetta viðfangsefni?
- ▲ Hver er fræðilegur tilgangur myndarinnar *Húsmæðraskólalíf*?
- ▲ Hvernig var vinnuferlið?
- ▲ Hvernig heimildamynd er *Húsmæðraskólalíf*?
- ▲ Hvaða aðrir miðlar koma til greina við miðlun þessa efni?

Þessum spurningum verður svarað með tilliti til umræðna um siðferðileg álitamál sem tengjast þeim. Farið verður örstutt yfir sögulegan fróðleik um húsmæðraskólanna, þróun þeirra, vinsældir og hnignun.

Greinargerðin skiptist í þrjá meginkafla. Í fyrsta kafla verður farið í aðdraganda verkefnisins, tilgang þess og viðfangsefni. Í öðrum kafla fer ég yfir vinnuferlið við heimildamyndina, allt frá leitinni að viðmælendum til handritagerðar. Í þriðja og síðasta meginkaflanum mun ég leitast við að staðsetja heimildamyndina *Húsmæðraskólalíf* innan fræðilegrar umfjöllunar á síðustu árum auk þess að skoða heimildamyndir sem miðlunarleið. Allir þrír kaflarnir skiptast í mismunandi marga undirkafla. Með greinargerðinni fylgja ýmsir viðaukar og handrit að heimildamyndinni *Húsmæðraskólalíf*.

1. Verkefnið

1.1. Val verkefnis og aðdragandi

Ég var búin að ákveða lokaverkefni mitt þegar ég sótti um nám í hagnýtri menningarmiðlun vorið 2010. Ég ólst ég upp við sögur móður minnar um veru hennar í Húsmæðraskólanum Ósk á Ísafirði þegar hún var ung stúlka og hlustaði hugfangin á. Eftir að ég komst á fullorðinsár hugsaði ég með mér að þetta væri horfinn heimur sem senn yrði elli og ævilokum að bráð. Vissulega hafa verið skrifaðar bækur um sögu flestra húsmæðraskólanna, uppbyggingu þeirra og hugmyndafræði en það vantaði meiri áherslu á upplifunina og minningar kvennanna sem voru þar við nám að mínu mati.

1.2. Húsmæðraskólalíf – fræðilegur tilgangur myndar

Verkefnið byggir á fjölbættum markmiðum í tengslum við kvenna- og skólasögu Íslands:

▲ Að gefa innsýn inn í lífið í gömlu húsmæðraskólunum. Með „gömlu húsmæðraskólunum“ er átt við húsmæðraskólana í þeirri mynd sem þeir störfuðu fyrir 1980, þ.e.a.s. eftir þann tíma höfðu skólarnir ýmist lagst af eða breyst í hússtjórnarskóla sem voru opnir báðum kynjum.

▲ Að rifja upp mikilvægan þátt í íslenskri félags-, menningar- og skólasögu.

▲ Að leyfa fjölbreyttum sjónarmiðum að koma fram svo ólíkar hliðar málsins fái að njóta sín.

▲ Að festa á filmu og varðveita frásagnir kvenna sem störfuðu og gengu í húsmæðraskóla, þannig að þær nýtist til frekari rannsókna síðar meir.

1.3. Um húsmæðrafræðslu á Íslandi

Fyrsti húsmæðraskólinn á Íslandi var stofnaður í Reykjavík árið 1897 af Elínu Briem. Áður höfðu nokkrir kvennaskólar verið stofnaðir og starfað í landinu

um skeið en þar var lögð áhersla á bóknám og hannyrðir.¹ Í Húsmæðraskóla Reykjavíkur var hins vegar einnig kennd matreiðsla eða eins og Eyrún Ingadóttir sagnfræðingur kemst að orði í sögu Húsmæðraskóla Reykjavíkur: „Stúlkur sem gengu í húsmæðraskóla kynntust fjölbreyttari matargerð og fengu fræðslu í hollustuháttum. Þær kynntust nýrri tækni við heimilishald og öðluðust aukna verkþekkingu.“² Það var semsagt lögð áhersla á að auka verkþekkingu stúlkna í húsmæðraskólanum en bókþekkingu í kvennaskólunum.

Árið 1911 voru samþykkt lög á Alþingi um rétt kvenna til menntunar og embætta.³ Með þeim opnuðust dyr framhaldsskólanna fyrir konum. Þar sem að konur gátu nú gengið í hvaða skóla sem var við hlið karlmanna voru kvennaskólarnir dæmdir óþarfir og lögðust ýmist niður á næstu árum eða breyttust í húsmæðraskóla. Þrátt fyrir lög 1911 var raunveruleikinn hins vegar sá að fram til 1940 voru undir 20% brautskráðra stúdenta ár hvert konur.⁴

Á árunum í kringum lýðveldisstofnunina 1944 spruttu húsmæðraskólar upp um land allt. Árið 1948 voru starfandi alls 13 skólar í landinu auk Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Lengst af voru húsmæðraskólarnir þó 11 talsins.⁵ Þennan vöxt í húsmæðrafræðslu má rekja til þjóðernislegrar umræðu þessa tíma sem snerist um hið mikilvæga hlutverk konunnar sem uppalanda hinnar íslensku þjóðar. Menn töldu að til að geta innt það starf sem best af hendi þyrfti íslenska konan að fá tilheyrandi menntun.⁶

Blómatími húsmæðraskóla hér á Íslandi var á sjötta og sjöunda áratug 20. aldar. Á því tímabili gengu um 8.500 konur í húsmæðraskóla.⁷ Upp úr 1970 fór aðsókn í skólanna snarminnkandi frá ári til árs. Ástæðan var mikil umræða

¹ Eyrún Ingadóttir, *Saga Húsmæðraskóla Reykjavíkur*, bls. 13. Sjá einnig Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, bls. 129-145.

² Eyrún Ingadóttir, *Saga Húsmæðraskóla Reykjavíkur*, bls. 13.

³ Eyrún Ingadóttir, *Saga Húsmæðraskóla Reykjavíkur*, bls. 13. *Alþingistíðindi 1911*, B, d. 1319-1343.

⁴ *Hagskinna*, bls. 855-858. (Tafla 18.11. Brautskráðir stúdentar 1847-1990)

⁵ *Hagskinna*, bls. 847.

⁶ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 333.

⁷ *Hagskinna*, bls. 852-53. (Tafla 18.8 Nemendur í framhaldsskólum 1904-1990)

um stöðu konunnar heima fyrir og á vinnumarkaðnum sem og almenn umræða um jafnrétti kynjanna og stofnun Rauðsokkahreyfingarinnar.⁸ Árið 1980 höfðu allir húsmæðraskólarnir verið lagðir niður að undanskildum skólunum í Reykjavík og á Hallormsstað sem að breyttust í hússtjórnarskóla og veittu báðum kynjum inngöngu.

Húsmæðraskólarnir voru heimavistarskólar og líkt og þekktist enn í dag skapast sérstök stemning á heimavistum og þar myndast oft bönd sem haldast út ævina. Einhverjir spyrja sig kannski: Hvað er merkilegra við lífið í húsmæðraskólunum heldur en í öðrum heimavistarskólum á sama tíma eða jafnvel í dag? Svárið við þeirri spurningu er tvíþætt: Í fyrsta lagi voru þetta ekki blandaðir skólar heldur skólar eingöngu ætlaðir stúlkum. Lífið í bændaskólunum á þessum tíma væri því einnig áhugavert rannsóknarefni, þar sem þeir voru eingöngu ætlaðir karlmönnum. Í öðru lagi voru stúlkurnar sem gengu í húsmæðraskólana ekki bara á misjöfnum aldri heldur einnig úr misjöfnum stéttum samfélagsins og mis mikið menntaðar. Þá var vegakerfið slæmt og ferðalög milli landshorna voru ekki daglegt brauð. Það segir sig því sjálft að það hefur verið mikil upplifun að búa í heilt ár fjarri fjölskyldu með allt að 40 ókunnum stúlkum hvaðanæva af landinu, laus undan daglegum skyldum sínum heima fyrir.

1.4. Grunnhugmynd og markhópur

Hægt hefði verið að gera þessa heimildamynd á mismunandi vegu. Upphaflega skaut sú hugmynd upp í kollinn að myndin yrði um einn árgang í einhverjum skólanna. Með því hefði verið hægt að kafa dýpra í þau tengsl sem mynduðust á milli stúlkanna í þessum skólum og samskipti þeirra við kennarana. Það var erfiðleikum háð við að fá margar konur úr einum og sama árgangnum í viðtal sem gerði það að verkum að ég ákvað að finna annað sjónarhorn. Úr varð að ég ákvað að búa til mynd sem sýndi einhvers konar

⁸ Eyrún Ingadóttir, *Saga Húsmæðraskóla Reykjavíkur*, bls. 91-93.

Þverskurð af lífinu og stemningunni í húsmæðraskólunum. Jafnvel þó skólarnir hafi verið eins misjafnir og þeir voru margir var samt ákveðin grunnhugmynd á bak við þá og ákveðnar reglur sem þeir allir áttu að lúta.

Með breyttu sjónarhorni breytist viðmælendahópurinn og í framhaldinu stefndi ég að því fá að minnsta kosti eina konu frá hverjum skóla og á mismunandi aldri. Það er að segja ef ég fengi konu frá Húsmæðraskólanum í Reykjavík sem væri fædd 1934, þá myndi ég reyna að fá konu úr Húsmæðraskólanum á Hallormsstað sem væri fædd 1950 og svo framvegis. Með því fengist breiðari mynd af lífinu í skólunum, auk þess sem hægt væri að sjá hvort áherslur í skólunum breyttust eitthvað með tímanum. Miðað við þessa áætlun var ljóst alveg frá byrjun að vart tækist að kafa djúpt í einstök mál. Með nýju sjónarhorni var í fyrsta lagi stefnt á að vekja athygli á þessum horfnum skólum. Í öðru lagi að útrýma ranghugmyndum um skólana, eins og oft vill verða um liðna atburði, fólk og tímabil sem samræmist ekki gildum og viðmiðum samtímans.

Heimildamyndin *Húsmæðraslíf* var fyrst og fremst hugsuð til sýningar í sjónvarpi. Stefnt var á breiðan markhóp og sérstaklega horft til Ríkissjónvarpsins í þeim málum, en á síðasta starfsári, 2010-2011, mældist markaðshlutdeild þess 59,7% á kjörútsendingartíma sem er á milli klukkan 19.00-23.00.⁹

⁹ Sjá *Ársskýrsla Ríkisútlagsins*, bls. 31. Vefslóð: <http://www.ruv.is/files/ruv-arsskyrsla-2011.pdf>.

2. Vinnuferlið

Ýmis vandamál geta komið upp við gerð heimildamynda. Vandamál sem kannski ekki voru fyrir séð í upphafi slíks verkefnis. Manneskja sem hefur litla reynslu af framleiðslu á slíku efni rennir svolítið blint í sjóinn og ýmsar spurningar vakna því meðan á framleiðsluferlinu stendur. Dæmi um spurningar: Þetta kemur til með að kosta einhvern pening, hvernig á ég að fjármagna myndina? Þarf ég að fá skriflegt leyfi fyrir notkun ljósmynda í einkaeigu eða nægir að fá munnlegt samþykki? Hversu löng á myndin að vera? Hvað er hæfilegur fjöldi viðmælenda? Hvar get ég fundið lifandi myndir?

Þegar kom að myndvinnslunni, þ.e.a.s. að klippa og setja saman myndbúta, hafði ég örlitla reynslu. Í gegnum árin hef leikið mér að því að klippa saman persónuleg myndbönd frá fjölskyldusamkomum og hafði því hugmynd um hvað hægt var að gera á því sviði. Auk þess hafði ég hlotið þó nokkra þjálfun í forritinu Final Cut Pro í hagnýtri menningarmiðlun. Það sem ég gat hins vegar ekki ímyndað mér var hversu erfitt það er að vera allt í senn kvikmyndatökumaður, hljóðmaður, klippari og framleiðandi. Erfiðasti tímapunkturinn í öllu vinnuferlinu var þó þegar það rann upp fyrir mér að myndin yrði aldrei það „fullkomna meistaraverk“ sem ég hafði í höfðinu. Það er erfitt að láta slíka drauma rætast án styrkja og almennilegrar tæknikunnáttu, að ógleymdri pressunni um að klára á tilætluðum tíma til að geta borgað framfærslulánið frá bankanum. Það er sárt en maður sættir sig við það að lokum og heldur fast í þá von að myndin muni þrátt fyrir allt kalla fram gleði og ánægju eða að minnsta kosti vekja forvitni þeirra sem sjá hana. Þá vaknar upp spurningin: Hvað þarf heimildamynd að hafa til brunns að bera til þess að vekja þau viðbrögð? Svarið er einfalt: Gott handrit. Hvort handrit heimildamyndarinnar *Húsmæðraskólalíf* er gott verða aðrir en ég að dæma um.

Þessi kafli er byggður á vinnudagbók minni sem ég hélt meðan framleiðsla myndarinnar stóð yfir. Í honum kemur fram hvernig mínu verklagi

var háttað, hvaða vandamál urðu á vegi mínum og hvernig ég tókst á við þau.

2.1. Leitað að viðmælendum

Það er meira en að segja það að finna viðmælendur fyrir heimildamynd. Mjög margir eru óöruggir, telja sig ekki muna nógu mikið, þeir ekki hafa frá neinu merkilegu að segja eða telja sig vera lélega sögumenn. Þannig að stór hluti þess tíma sem fór í að finna viðmælendur fór í að sannfæra fólk um hæfi þess sem viðmælanda.

Oft á tíðum bölvum við tækninýjungum nútímans og oft reynast þær líka vera blessun. Þetta á til að mynda við um samskiptasíðuna Facebook eða Fésbókina eins og hún hefur verið nefnd á íslenska vísu. Þó mér hafi framan af fundist hún tímaþjófur, þá hefur hún líka sannað sig sem gott tæki til auglýsinga og kannanna. Ég útbjó auglýsingu þar sem ég óskaði eftir konum eða ábendingum um konur sem höfðu starfað eða gengið í húsmæðraskóla fyrir 1980. Í auglýsingunni var einnig óskað eftir karlmönnum sem voru að „sniglast“ í kringum húsmæðraskóla á þessum tíma. En á þeim tímapunkti hafði mér dottið í hug að það væri fróðlegt að fá þeirra sjónarhorn inn í myndina líka. Nánar verður farið í það síðar í skýrslunni. Auglýsinguna setti ég á fréttaveituna og bað vini mína um að deila henni áfram til sinna vina, sem einhverjir gerðu.¹⁰

Auglýsingin hafði tilætluð áhrif. Sama kvöld bárust þó nokkrar ábendingar og næstu daga á eftir. Næsta skref var að safna saman öllum nauðsynlegum upplýsingum um þær konur sem ég hafði fengið ábendingar um: nafn, fæðingarár, símanúmer, heimilisfang, skóla og árgang. Þessar upplýsingar voru mikilvægar til þess að sigta út eina konu úr hverjum skóla og til þess að reyna að hafa viðmælendahópin á sem breiðustu aldursbili. Að lokum stóðu eftir ábendingar um 11 konur sem voru nemendur fyrir 1980. Tíu af 11 kvennanna bjuggu á landsbyggðinni, flestar á Akureyri og nágrenni sem

¹⁰ Sjá: Viðauki II *Facebook-auglýsing 6. október 2011*.

mér þótti kostur þar sem ég á fjölskyldu þar. Að öðru leyti voru þær dreifðar um landið, ein í Reykhólahreppi, ein í Mývatnssveit, ein á Egilsstöðum og ein á Ísafirði. Ég ákvað samstundis að taka viðtal við konuna í Mývatnssveit og á Egilsstöðum þar sem mér var sagt að þær væru vel að máli farnar og minnugar. Konunni á Ísafirði ákvað ég strax að sleppa því hún hafði verið í Húsmæðraskólanum Ósk og ég var þegar komin með eina úr honum, óður mína. Mér bárust ábendingar um þrjá karlmenn sem voru mikið í kringum húsmæðraskóla, en þeir voru allir tengdir sama skólanum, Laugalandi í Eyjafirði og á sama tímabili, um var að ræða tvo bræður og frænda þeirra. Þeir voru þó ekki tilbúnir til þess að koma í viðtal og stuttu síðar sá ég að það hefði ekki passað inn í myndina, þar sem myndin átti að leggja áherslu á upplifun kvennanna.

2.2. Viðtölin

Til eru heimildamyndagerðarmenn sem hafa orðið uppvísir að því að segja ekki viðmælendum sínum sannleikann um tilgang heimildamyndar. Með því fá þeir fólk til þess að tala sem kannski hefði annars ekki gefið kost á sér vegna hins sanna tilgangs. Ég tók þá ákvörðun strax í upphafi að viðmælendur mínir gætu verið vissir um tilgang myndarinnar og að hann stæðist. Hann var ekki sá að rægja húsmæðraskólanna en ekki heldur til að setja þá á einhvern stall. Tilgangur myndarinnar var að festa á filmu endurminningar kvenna um lífið í húsmæðraskólum og hvernig þær upplifðu veruna þar og koma þeim upplýsingum á framfæri á smekklegan og áhugaverðan hátt. Oft er fólk hrætt við að missa eitthvað út úr sér í viðtölum um sjálft sig sem það vill kannski ekki að alþjóð viti eða jafnvel persónulegar upplýsingar um annað fólk. Þess vegna þótti mér mikilvægt að taka skýrt fram við mína viðmælendur um hvað myndin ætti að fjalla auk þess að hvers konar persónulegar eða aðrar viðkvæmar upplýsingar myndu ekki rata í myndina, enda áttu einstakar persónur ekki að vera til umfjöllunar.

Helgina 9.-11. september 2011 keyrði ég norður til Akureyrar til að taka

viðtal við móður mína. Tók ég meðal annars upp myndefni af henni að baka kleinur sem ætlunin var að hafa í myndinni, hugsanlega sem inngang. Ég tók líka viðtal við mömmu heima í stofu hjá henni. Viðtalið varð alls einn klukkutími og 30 mínútur að lengd og spurningarnar sem ég lagði upp með voru þessar:

1. Segðu mér frá uppruna þínum, fjölskyldu, systkinum og æskuheimili?
2. Hvaða menntun hlaustu sem barn?
3. Hvaðan kom hugmyndin um að fara í húsmæðraskóla?
4. Hvað fannst foreldrum þínum um að þú færir?
5. Hvers vegna valdir þú þennan skóla?
6. Hver var tilfinningin þegar þú mættir fyrsta daginn í skólann?

Fyrstu tvær spurningarnar hafði ég til þess að hita viðmælendur upp. Ég taldi að það væri góð leið til þess að fá þá til þess að slaka á þar sem er auðvelt að svara þeim, þarf ekki að grafa í minninu. Hinar spurningarnar voru þær sem ég vildi fá svarað, svörin sem kæmu fram í myndinni.

Ég ákvað að viðtalið við móður mína yrði mótandi fyrir þær spurningar sem ég legði fyrir aðrar konur. Meðan á viðtalinu stóð vöknudu margar spurningar sem mér hafði ekki komið til hugar áður sem ég bætti síðan á lista yfir spurningar sem ég myndi spyrja næstu viðmælendur.¹¹ Það var mikill kostur fyrir mig að hafa viðmælanda sem var svona nákominn mér því með því að byrja á móður minni gat ég æft mig fyrir komandi viðtöl sem minnkaði óöryggið fyrir framhaldið. Það gaf mér tækifæri til þess að setja mig í stellingar sem spyrill og hugleiða hvernig best væri að byrja viðtölin o.s.frv. Eflaust fylgja því einnig gallar að hafa viðmælanda svo nákominn sér, en það var ekki í þessu tilfelli þar sem ekki er um að ræða viðkvæmt viðfangsefni. Hefði ég hins vegar verið að gera heimildamynd um bankarán á síðustu öld þar sem móðir mín var einn bankaræningja hefði það verið stór galli þar sem hætta er á

að ég hefði hlíft henni við erfiðum spurningum og jafnvel klippt myndina þannig að hún birtist sem fórnarlamb kapítalísks samfélags.

Fimmtudaginn 13. október hélt ég á ný norður yfir heiðar á Skoda Felicia með myndavél í farteskinu. Ég hafði mælt mér mót við sex konur næstu fjóra daga. Þegar ég renndi inn á Akureyri kl. 14.00 fór ég beint í fyrsta viðtalið sem var við Önnu Dóru Snæbjörnsdóttur, bóndakonu í Mývatnssveit og fyrrum nemanda í Húsmæðraskólanum á Laugum 1969-70. Með Önnu Dóru í för voru tvær vinkonur hennar sem höfðu báðar verið á Laugum á sínum tíma, Guðrún Þórarinsdóttir (1961-62) og Bergþóra Eysteinsdóttir (vorið 1977). Tekin var sameiginleg ákvörðun um að ég tæki viðtal við þær allar í einu. Mér leist ekkert á það til að byrja með en hugsaði svo að þetta gæti orðið skemmtileg tilbreyting í myndinni og myndi án efa brjóta hana svolítið upp.

Þar sem konurnar búa allar í Mývatnssveit og voru á leiðinni út úr bænum yfir helgina á bútasaumsnámskeið að Löngumýri í Skagafirði varð að finna heppilegan stað til viðtals og var það uppástunga Önnu Dóru að viðtalið færi fram á kaffihúsi í verslunarmiðstöðinni Glerártorgi. Þegar ég bókaði viðtal við Önnu Dóru fyrr í mánuðinum og hún sagði mér að hún yrði að Löngumýri á bútasaumsnámskeiði með kvenfélagskonum, hafði mér dottið í hug að það yrði skemmtilegt að taka viðtal við hana þar, þar sem á Löngumýri var lengi vel rekinn húsmæðraskóli. Það gekk því miður ekki upp og því varð Glerártorg fyrir valinu. Í staðinn fékk ég tvo auka viðmælendur og þar með öðruvísi frásagnarmáta þar sem konurnar fylltu upp í eyðurnar hjá hverri annarri og báru saman ýmsa þætti í skólanum, sem stundum voru eins eða þá höfðu breyst með árunum.

Að kvöldi sama dags heimsótti ég svo Elínu Kjartansdóttur, ellilífeyrisþega á Akureyri og nemanda í Kvennaskólanum á Blönduósi 1954-55. Elín var mjög meðvituð um myndavélina til að byrja með og handviss um að hún hefði ekkert merkilegt að segja. Almennt er erfiðara að fá fólk til þess að vera í myndviðtali heldur en hljóðviðtali. Þetta tel ég stafa af því að fólk er

¹¹ Sjá Viðauki IV *Spurningalisti fyrir viðtöl*.

oft á tíðum mjög meðvitað um útlit sitt, því finnst því kannski ekki vera nógu vel til fara er óánægt með einhvern þátt útlits síns eða finnst óþægilegt að sjá sig í mynd, kannski vegna þess að vanalega höfum við ekki hugmynd um hvernig við lítum út þegar við tjáum okkur. Til að láta Elínu líða betur í viðtalinu stillti ég myndavélinni þannig upp að hún yrði sem minnst vör um hana.

Morguninn eftir tók ég viðtal við Lilju Guðmundsdóttur verslunarkonu á Akureyri og nemanda í Húsmæðraskólanum á Laugalandi 1973-74. Það viðtal gekk eins og í sögu. Lilja var sjálfsörugg og kom efninu vel frá sér. Þá var hún einnig svolítið skemmtilegur viðmælandi bæði vegna þess að hún fer í húsmæðraskóla þegar þeir eru við það að syngja sitt síðasta og einnig vegna þess að hún var gagnrýnni á þá heldur en aðrir viðmælendur sem ég hafði talað við á þessum tímamarki. Það kemur ekki á óvart þegar litið er til þess að á því tímabili sem Lilja fer í húsmæðraskóla eru miklar hræringar í samfélaginu um stöðu konunnar innan heimilis og vinnu kvenna. Táknmynd þessara breyttra sjónarmiða voru Rauðsokkurnar sem stigu fram á sjónarsviðið á þessum tíma og kölluðu á jafnrétti kynjanna og þar með urðu húsmæðraskólar „púkó“.¹² Einnig sagði Lilja að það hefði aldrei verið ætlun hennar að fara í húsmæðraskóla. Hún hafði safnað sér pening til að geta farið til Ísrael sem sjálfboðaliði að týna appelsínur. Svo braust út stríð þar og faðir hennar bannaði henni að fara. Þannig að hún fór í húsmæðraskóla vegna þess að hana langaði til þess að fara eitthvert.¹³ Eftir hádegi sama dag fékk ég mér svo bíltúr inn í Eyjafjarðarsveit að bænum Vatnsenda þar sem ég hitti Guðnýju Óskarsdóttur. Guðný er mjólkurbóndi og var í Húsmæðraskólanum á Hallormsstað 1967-68. Guðný var líkt og Elín Kjartansdóttir, meðvituð um myndavélina og örlítið óörugg til að byrja með og þurfti því meiri tíma til þess að komast í gang. Til að byrja með svaraði hún bara spurningum mínum en

¹² Svo kemst Margrét Sigfúsdóttir skólastjóri Hússtjórnarskólans í Reykjavík að orði um ástæður þess hvers vegna húsmæðraskólarnir misstu vinsældir sínar og lögðust niður. Sjá: *Húsmæðraskólalíf - Handrit að heimildamynd*, bls. 20.

¹³ Sjá: *Húsmæðraskólalíf - Handrit að heimildamynd*, bls. 3.

bætti engu aukalega við. En eftir 20 mínútur hafði hún gleymt myndavélinni og þá var frásagnargleðinni gefinn laus taumurinn.

Laugardagurinn rann upp, bjartur og fagur og aftur lá leið mín inn í Eyjafjarðarsveit, að þessu sinni að bænum Tjörnum en þar tók Hulda Magnea Jónsdóttir, grunnskólakennari á móti mér. Hulda hafði sjálf haft samband við mig þegar hún sá á Fésbókinni að ég væri að leita eftir viðmælendum, en hún var saumakennari í Húsmæðraskólanum á Laugalandi 1973-75. Hulda var sjálfsöruggasti viðmælandinn, enda vön að standa upp við töflu og halda fyrirlestra fyrir nemendur sína. Það fór þannig að ég þurfti nánast ekkert að spyrja hana því hún hóf frásögn strax, skýrði skýrt og skorinort frá og á meðan merkti ég við þær spurningar mínar sem hún svaraði án þess að ég spyrdi hana. Með Huldu fékk ég svolítið skemmtilegt sjónarhorn á lífið í húsmæðraskólanum. Hún var ekki nemandi, heldur kennari en engu að síður var hún aðeins örlítið eldri en flestir nemendur húsmæðraskólanna, enda nýútskrifuð úr handavinnudeild Kennaraskóla Íslands þegar hún var ráðin í vinnu. Hún var því að mörgu leyti eins og margir nemendur, þ.e. eins og hún sagði sjálf, þá fékk hún að fylgjast með matreiðslukennslunni og annarri kennslu og lærði því heilmargt meðan hún kenndi þar. Hins vegar þurfti hún ekki að lúta útivistarreglum sem giltu fyrir nemendur og gat því farið út í sínum frítíma eins og hana lysti.

Síðasta viðmælanda minn þessa helgi hitti ég á bakaleiðinni, á Blönduósi. Þar hafði ég mælt mér mót við Aðalbjörgu Ingvarsdóttur, síðustu forstöðukonu Kvennaskólans á Blönduósi. Við settumst niður í gömlu setustofunni í gamla kvennaskólanum sem Aðalbjörg hefur enn lykklavöld að. Hann þjónar í dag fjölbreyttu hlutverki: er safn um sögu kvennaskólans, skrifstofuhúsnæði fyrir atvinnurekstur og síðast en ekki síst er þar til húsa Textílsetur Íslands. Aðalbjörg fór með mig í leiðsögn um húsin en mér láðist að taka myndavélina með mér til að ná myndefni fyrir heimildamyndina. Það var fyrst og fremst af því að ég hafði nauman tíma þar sem ég átti enn langa leið fyrir höndum heim í borgina og veður fór versnandi á heiðum. Ég átti eftir að

bölva þessari yfirsjón minni þegar ég hóf að klippa saman myndina en að því verður vikið síðar í kaflanum. Viðtalið við Aðalbjörgu var öðruvísi en það sem ég hafði tekið við hinar konurnar. Hún tók sig alvarlegar en var jafnframt full fróðleiks um sögu Kvennaskólans á Blönduósi, þróun hans og stjórnun. Þá hafði hún skýrar skoðanir á því hvers vegna húsmæðraskólarnir höfðu misst vinsældir og liðið undir lok. Það má því kannski segja að framlag Aðalbjargar til heimildamyndarinnar sé einhvers konar sýn yfirvaldsins, hún útskýrði skýrt og skorinort hvers vegna ákveðnar reglur þurftu að vera, svo sem útivistarreglurnar, og gerði það með sanngirni gagnvart nemendum.

Með viðtalinu við Aðalbjörgu lauk þeirri viðtalatörn sem ég stefndi að til að geta hafist handa við handritavinnslu. Á fjórum dögum hafði ég talað við átta konur, þar af einn saumakennara og eina forstöðukonu. Nú var ég komin með ákveðinn gagnagrunn minninga sem ég gat unnið úr og næsta skref var því að skrifa viðtölin upp. Það tók tvær vikur enda höfðu öll viðtölin verið í kringum klukkutími að lengd og töldu 126 blaðsíður. Næsta skref var að búa til handrit og að því ferli verður komið í næsta kafla.

Þegar hér var komið við sögu hafði ég ekki útilokað að taka viðtöl við fleiri konur enda aðeins komin með konur úr fimm skólum af þeim 11 sem voru lengst starfandi. Ennþá vantaði konur úr húsmæðraskólunum í Reykjavík, á Akureyri, Löngumýri, Laugarvatni, Varmalandi og Staðarfelli. Þegar klippivinna var langt komin og kominn var þráður í myndina tók ég þá ákvörðun að bæta við viðmælendum og hafði samband við Margréti Sigfúsdóttur núverandi skólastjóra Hússtjórnarskólans í Reykjavík. Hún hafði verið í Húsmæðraskólanum á Laugarvatni 1964-65. Við mæltum okkur mót í hússtjórnarskólanum við Sóleyjargötu og þar tók ég viðtal við hana þar sem hún sat á bakvið skrifborð sitt. Margrét er vön að vera fyrir framan myndavélar, því hún stýrði um hríð sjónvarpsþáttunum Allt í drasli sem sýndir voru á sjónvarpsstöðinni Skjá Einum fyrir nokkrum árum síðan. Hins vegar hafði hún nauman tíma til viðtals og sagði lítið um tíma sinn á Laugarvatni en meira um starfsemi hússtjórnarskólans í dag. Margrét benti

mér síðan á tvær konur sem höfðu verið í Húsmæðraskólanum í Reykjavík 1960-61, Laufeyju Magnúsdóttur og Ingibjörgu Sigfúsdóttur. Laufey og Ingibjörg hafa verið vinkonur síðan þær kynntust í húsmæðraskólanum og við mæltum okkur mót heima hjá Ingibjörgu í Fossvoginum. Nú sköpuðust á nýjan leik óvenjulegar aðstæður í viðtali, líkt og með konurnar þrjár sem voru Laugum en á mismunandi tíma, því nú hafði ég tvær konur sem voru á sama tíma í sama skóla. Laufey og Ingibjörg voru ákaflega frásagnaglaðar og það var skemmtilegt að sjá þær rifja upp sameiginlegar minningar. Húsmæðraskólinn í Reykjavík var fjölmennastur skólanna auk þess sem hann var svolítið öðruvísi þar sem hann var staðsettur í miklu þéttbýli ólíkt hinum skólunum sem flestir voru í strjálbýlinu, að undanskildum skólanum á Ísafirði.

Þannig að nú var ég komin með einstaklingsviðtöl við fimm nemendur úr fimm mismunandi skólum, viðtal við þrjár nemendur úr sama skóla á mismunandi tímabilum og viðtal við tvo nemendur úr sama skóla á sama tíma, auk eins kennara og einnar forstöðukonu. Viðmælandahópurinn og viðtölin urðu óvænt skemmtilega fjölbreytt. Þarna þurfti ég að láta við sitja vegna tímahraks, þó enn vantaði viðmælendur úr fjórum skólum.

2.3. Handritavinnsla

Það er tvennt ólíkt að setja saman handrit fyrir bíómynd og handrit fyrir heimildamynd líkt og leikstjórinn og handritshöfundurinn Trisha Das kemst að orði í ritgerð sinni *How to Write a Documentary Script*:

Unlike fictional films, documentaries have no fixed visual and conceptual guidelines per say. It's impossible to concretize events or decide one way or the other about how the film will turn out eventually. There are fewer 'rules' to be followed, which reflects the fact that there are few rules in the real world as well. This makes it more challenging but infinitely more exciting.¹⁴

¹⁴ Trisha Das, *How to Write a Documentary Script*, bls. 6.

Handrit leikinna kvikmynda eru jafnan samin áður en tükur hefjast. Ef það er gert handrit fyrir heimildamynd þá er það yfirleitt gert eftir að tükur hafa átt sér stað. Þetta er vegna þess að ekki er hægt að sjá fyrir hvernig tükur fyrir heimildamynd munu æxlast eða hvað viðmælendur munu segja. Vissulega er hægt að gera það sem hefur verið kallað „fortöku handrit“ (e. pre-shoot script) sem er mjög gagnlegt til að koma sér af stað. Slík handrit eru mjög gróft uppkast af handriti þar sem tókustaðir koma fram, viðmælendur og það efni sem viðmælendur koma til með að fjalla um.¹⁵

Líkt og kom fram hér í kaflanum á undan þá hófst handritagerð fyrir Húsmæðraskólalíf ekki fyrr en ég hafði tekið viðtöl við sjö konur. Ég byrjaði á því að skrifa upp öll viðtölin, orð fyrir orð, sem var ákaflega tímafrekt, en að mínu mati nauðsynlegt því þá sá ég svart á hvítu hvaða upplýsingar um lífið í húsmæðraskólanum ég hafði undir höndum. Með því að lesa yfir viðtölin sá ég fljótt ýmsa þætti sem allir skólarnir áttu sameiginlega og ég ákvað því að þeir yrðu grundvöllur handritsins, rauði þráður myndarinnar.

Ég skipti þessum þáttum niður í tíu flokka: 1. fyrsti dagurinn, 2. húsnæði, 3. búningar, 4. námsgreinar, 5. reglur, 6. daglegt líf, 7. dægradvöl, 8. samskipti við hitt kynið, 9. skemmtanir 10. endalok skólanna og 11. litið til baka. Því næst hófust klippingar. Ég klippti öll viðtölin niður. Það er að segja ég tók allt út sem ég vissi að ég kæmi aldrei til með að nota, en geymdi þá búta sem féllu undir þemun og skemmtilegar sögur. Síðan raðaði ég bútum úr hverju viðtali niður í þessa flokka. Næst var tekin ákvörðun um hvaða viðmælandi fengi að setja fram ákveðnar upplýsingar í hverjum flokki, til þess að forðast endurtekningar. Sem dæmi má nefna búningana. Ef Guðný segir að þær hafi verið með svuntur, þá fær Lilja að bæta við að þær hafi líka verið með kappi, þrátt fyrir að báðar hafi sagt hvort tveggja. Eða þá að ég leyfði annarri konunni að segja hvort tveggja. Aðalatriðið var að gæta þess að tveir viðmælendur væru ekki með sömu upplýsingarnar, því það er í raun soun á

¹⁵ Trisha Das, *How to Write a Documentary Script*, bls. 3.

mínútum, sem gætu nýst í eitthvað sem ekki hafði þegar komið fram. Síðan var að ákveða í hvaða röð væri best að raða þessum þemum upp þannig að úr myndi verða fljótandi frásögn. Þegar því var lokið var ég komin með þráð af viðtölum sem voru rúmur klukkutími að lengd.

Eitt af því sem ég var lengi í vafa um, var hvort myndin ætti að vera með þul eða ekki. Þetta spáir áhorfandinn spáir kannski ekki mikið í en þetta skiptir höfuðmáli fyrir kvikmyndagerðarmanninn þegar farið er að hugsa um hvernig byggja eigi upp handrit. Þulurinn er hluti af þræðinum, hann skapar andrúmsloft heimildamyndar, eins og Þorsteinn Helgason sagnfræðingur segir til dæmis um þuli í sögulegum heimildamyndum:

Þulartexti í sögulegri heimildamynd er *sui generis*, hann er ekki bókartexti, ekki ræða, ekki talmál. Hann er í samspili við myndina, kallast á við hana, þjónar henni, stundum sjálfstæður í vísitandi mótspili við myndina. Hann hefur sinn stíl – ljóðrænan, harkalegan, skýrslulegan, háleitan – allt eftir stíl verksins í heild hverju sinni. Tími textans er útmældur og skapar honum umgjörð þar sem rétt hrynjandi þarf að verða til. Þulurinn hefur einnig rödd og sú rödd er mikilvægt lóð á vogarskálar verksins.¹⁶

Áður en ákveðið er að hafa þul eða ekki þarf að spyrja ákveðinna spurninga: Hver er þulurinn? Er hann einungis sögumaður sem fyllir inn í eyðurnar eða er hann með persónuleg tengsl við efnivið myndarinnar? Framan af hallaðist ég að því að ég fengi einhvern til þess að vera sögumaður. En þar sem kveikjan að myndinni voru sögurnar sem móðir mín sagði mér sem barni og sú staðreynd að hún yrði í myndinni var sú ákvörðun tekin að ég sjálf yrði þulur myndarinnar. Ég ákvað að byrja myndina á persónulegu nótunum:

ÞULUR

Þetta er hún mamma. Hún gerir bestu kleinur í heimi.

¹⁶ Þorsteinn Helgason, „Sagan á skjánum“, bls. 60.

Brynja stendur við steikingarpottinn og segir frá.

BRYNJA

Mér finnst nú bakarískleinnur aldrei góðar. Þær eru svo ofboðslega þéttar og já bara ekki góðar.

ÞULUR

Þegar ég var lítil sagði hún mér sögur frá því hún var í húsmæðraskóla. Mér fannst það heillandi heimur.¹⁷

Hugsunin á bak við byrjunina var að grípa áhorfandann. Í staðinn fyrir að byrja á þurrum sögulegum staðreyndum yrði ein persóna myndarinnar kynnt strax til sögunnar í sínu „náttúrulega umhverfi“ og síðan leiðir þulurinn áhorfendur smám saman aftur til fortíðar, fortíðar sem hann sjálfur hefur velt vöngum yfir. Ekki eru allir sammála um hvort æskilegt sé að höfundur heimildamyndar blandi sjálfum sér í verk sín. Mannfræðingurinn Jay Ruby telur að sú umræða sé á villigötum:

Það hefur ekki þótt góður siður að höfundur blandi sjálfum sér í verk sín, sérstaklega ekki í kvikmyndum. Því hefur verið ruglað saman við þær sjálflægu sjálfsævisögulegu myndir af þeirri tegund sem urðu fyrst vinsælar á áttunda áratug síðustu aldar þar sem margir kvikmyndagerðarmenn rýna í sjálfa sig, hagnýta jafnvel fjölskyldu sína og nota kvikmyndavélina sem meðferðarform. ... Sjálfrýni hefur fengið neikvæðan stimpil vegna þess misskilnings að þá sé um að ræða verk sem einkennist af naflaskoðun höfundar og sé bæði sjálfhverft og sjálfhælið.¹⁸

Það hvort að höfundur eigi að blanda sér í verk sín eða ekki hlýtur að fara eftir því hvers konar heimildamynd um er að ræða. Þetta var atriði sem ég velti vöngum yfir við upphaf framleiðslu *Húsmæðraskólalífs*. Ég spurði mig þeirrar spurningar hvort það væri viðeigandi í þessu tilfelli og niðurstaðan varð sú að ég er örhlítandi sýnileg í myndinni, svona eins og rétt til þess að segja: „Komið þið

¹⁷ Sjá: *Húsmæðraskólalíf – Handrit að heimildamynd*, bls. 1.

¹⁸ Jay Ruby, „Siðferði mynda“, bls. 213-14.

sæl, ég er höfundur þessarar myndar og ástæðan fyrir því að ég gerði hana var þessi." Það kom aldrei til greina að ég færi að blanda mér neitt meira inn í myndina eða láta hana snúast um mig. Enda hefði það verið furðuleg ákvörðun þar sem ég var sjálf aldrei í húsmæðraskóla.

Þegar búið var að semja texta þular varð að ákveða hvar mætti skera niður og hvort einhver þemu mættu missa sín. Það gerði ég með því að spyrja mig einnar spurninga: Eru þetta upplýsingar um lífið í húsmæðraskólanum? Er þetta ómissandi fyrir þráðinn í myndinni? Mætti stytta þessa frásögn? Þegar þessu var lokið var myndin komin niður í 40 mínútur og þar með tilætlaðri lengd náð. Sú lengd ákveðin sameiginlega af mér og leiðbeinanda og talin hæfileg miðað við efnistökk. Næsta skref var að setja inn ljósmyndir og annað aukaefni.

2.4. Myndvinnsla

2.5.1. Ljósmyndir

Næsta skref var að setja inn aukaefni, annars vegar til að varpa frekara ljósi á meginefnið, hins vegar til að styðja við það. Ætlunin var alltaf notast við svokallaða samtíningsaðferð (e. compilation), þ.e.a.s. að nota gamalt myndefni sem samanstæði af kyrrstæðum myndum og kvikmyndum.¹⁹ Ég hafði fengið ljósmyndir frá því þær voru í skólunum hjá fjórum viðmælendum. Ég byrjaði á að setja inn þær myndir sem höfðu augljósa skírskotun til þess sem sagt var frá. Til dæmis þegar talað er um búninga fann ég myndir af stúlkum þar sem búningurinn sést vel og þegar var talað um aðfarir við þvotta fann ég myndir af stúlku við þvotta. Fljótlega varð mér þó ljóst að þær ljósmyndir sem ég hafði undir höndum myndu ekki nægja sem aukaefni fyrir myndina og því yrði ég að fara á stúfana og leita að fleiri myndum. Ég byrjaði á að fara á internetið og skoðaði þar heimasíðu sem árgangur 1968-69 frá Húsmæðraskólanum á Laugum hafði komið sér upp.²⁰ Sá árgangur hafði verið duglegur við að hlaða inn myndaalbúnum frá þessum tíma og ég setti mig í samband við stofnanda síðunnar, Helgu Sigurðardóttur, til þess að fá myndir hjá þeim og fékk jákvæð viðbrögð við því. Ég hafði samband við Margréti Sigfúsdóttur um að fá ljósmyndir í eigu Hússtjórnarskólans í Reykjavík og hún tók líka vel í beiðni mína. Það var mikil blessun, því skólinn á heilu staflana af ljósmyndum frá öllum tímabilum starfseminnar. Þar með var ljósmyndafæðin úr sögunni og ég hafði meira en nóg af aukaefni.

Notkun á ljósmyndum í heimildamyndum fylgir mikil siðferðisleg ábyrgð. Eigendur myndanna treysta því að farið sé vel með þær og þær séu ekki notaðar þannig að blettur falli á orðspor þeirra sem á myndunum eru. Mannfræðingurinn Jay Ruby bendir á í greininni „Siðferði mynda“: „Almennt er viðurkennt að myndir feli í sér margvíslega merkingu. Í því felst að merking

¹⁹ Þorsteinn Helgason, „Sagan á skjánum“, bls. 58.

²⁰ *Laugadís '68-'69* Vefslóð: <http://laugar.123.is>.

ljósmynda og kvikmynda er ávallt bundin því samhengi sem umhverfið skapar þeim.”²¹ Þess vegna er mikilvægt að spyrja sig alltaf áður en maður ákveður að staðsetja ljósmynd einhvers staðar: Er eitthvað í þræði myndarinnar á þessum stað sem getur leitt til þess að viðfangsefni þessarar myndar verður misskilið eða orðspor fyrirsæta skaðað? Á einum stað í heimildamyndinni *Húsmæðraskólalíf* talar til dæmis fyrrum saumakennari um að stúlkur í skólanum hefðu brotið af sér í helgarleyfi og neytt áfengis en það var stranglega bannað samkvæmt reglum húsmæðraskólanna. Þarna hefði ég til dæmis getað gert þau mistök að setja mynd af einhverjum stúlkum og í kjölfarið hefðu áhorfendur dregið þá ályktun að þær væru téðar stúlkur sem brutu af sér. Til að fyrirbyggja misskilning gerði ég það ekki. Þarna var fljótt tekin sú ákvörðun að viðmælandinn yrði bara í mynd, þar til skipt yrði um umræðuefni.

2.5.2. Annað myndefni

Frá upphafi ætlaði ég mér alltaf að hafa gamlar lifandi myndir úr skólunum í heimildamyndinni. Mér datt helst í hug að þær væri að finna á safnadeild Ríkisútvarpsins, en vissi líka að það kostaði talsverða peninga að fá slíkt efni. Hugsanlegt var að eitthvað efni væri að finna hjá Kvikmyndasafni Íslands, en því miður gafst mér ekki tími til þess að kynna mér það betur. Þannig fór það að lokum að ekkert lifandi efni frá tímum húsmæðraskólanna rataði í myndina mína, mitt eigið framtaksleysi er þar stærsti sökudólgurinn. Ef ég hefði fundið lifandi myndir úr húsmæðraskólunum þá hafði ég enga peninga til þess að fjárfesta í slíku efni. Þegar þannig er ástatt verður maður að sníða stakk eftir vexti og tel ég það hafa tekist með ágætum, þó sennilega verði misjafnar skoðanir manna á því eins og með svo margt annað. Kannski er þetta svona eins og með blettinn á fína kjólnum sem enginn tók eftir fyrr en konan fór að tala um hann.

Þrátt fyrir allt er í myndinni lifandi myndefni því að á fyrri hluta tíunda

²¹ Jay Ruby, „Siðferði mynda“, bls. 210.

áratugar síðustu aldar skrifaði rithöfundurinn Böðvar Guðmundsson leikritið Kvennaskólaævintýrið sem byggt var á upplifun kvenna sem gengu í Húsmæðraskólann á Laugalandi. Leikritið var sett upp af Freyvangsleikhúsinu í Eyjafjarðarsveit árið 1996 og tekið upp. Það vildi svo til að einn viðmælanda minna, Hulda Magnea Jónsdóttir, átti þessa upptöku til á DVD-formi og lánaði mér sérstaklega svo ég gæti notað nokkur brot úr leikritinu í myndina.²² Það má kannski segja að ég hafi þarna fengið efni sem mætti bera saman við sviðsetningar sem tíðkast í sögulegum heimildamyndum, en það var möguleiki sem ég hefði verið til í að skoða hefði ég haft reynsluríka myndatökumenn og fjárráð til búningakaupa og förðunar. Það má líta á leikritið sem vitnisburð um sýn samtímans á skólana þar sem það er gamanverk. Leikritið gerir létt grín að stífni skólanna og árekstrum hinna siðprúðu kennslukvenna við ævintýrasveltar unglingsstelpur. Flestar stúlkur fóru í húsmæðraskóla vegna þess að þær langaði til þess en voru oft á tíðum ósáttar við að vera lokaðar inni, sérstaklega þegar þær voru á nýjum stað, þar sem margt spennandi var að sjá og margt nýtt fólk til að kynna. Í myndinni er einnig að finna upptökur frá endurfundum 1965 árgangs Húsmæðraskólans á Ísafirði, þegar hann hittist í Skagafirði í maí 2011.

²² Verði myndin sýnd opinberlega verður farið í að afla frekari heimilda, hvort tveggja hjá höfundi verksins sem og hjá Freyvangsleikhúsinu.

3. Heimildamyndir sem miðlun

3.1. Hvernig heimildamynd

Hvernig heimildamynd er *Húsmæðraskólalíf*? Í þessu kafla verður leitast við að svara þessari spurningu með því að horfa til þriggja fræðimanna, sem gert hafa athuganir og skrifað um heimildamyndagerð, Björns Ægis Norðfjörð, Bill Nichols og Þorsteins Helgasonar.

Fyrirnefndir menn hafa allir skoðað eðli heimildamynda og sett þær niður í flokka. Í grein sinni „Sagan á skjánum“ fjallar Þorsteinn Helgason sagnfræðingur um muninn á kvikmyndum, heimildamyndum og fræðslumyndum. Kvikmyndir gefa sig ekki út fyrir að segja sannleikann. „Í þeim er skáldað samkvæmt innri þörfum verksins, jafnvel í þeim myndum sem byggjast á heimildum.“²³ Með heimildamyndum er hins vegar leitast við að fanga veruleikann en „ganga ekki vísvitandi á sveif við hann eins og höfundur leikinnar bíómyndar getur leyft sér.“²⁴ Heimildamyndir skiptast síðan í marga undirflokka og fer það eftir eðli og viðfangsefni myndar í hvaða flokk hún fellur. Það eru eflaust margir sem telja að heimildamyndir og fréttu- og fræðslumyndir séu eitt og hið sama. Þorsteinn bendir á að þarna er stigsmunur á. Þá hefur sú tilhneiging verið síðustu árin að heimildamyndir þurfi að vera „skapandi, persónulegar og að hafa höfundareinkenni“ til þess að eiga þann titil skilið. Fréttu- og fræðslumyndir eru andstæðan við þetta.²⁵ Kvikmyndir eru skáldskapur og heimildamyndir veruleiki en mikilvægt er að muna að sá veruleiki er myndaður og klipptur af manneskju með ákveðna sýn á hann. Heimildamynd er tilraun til að afrita veruleikann en hún verður aldrei fullkomið afrit.

Samkvæmt skilgreiningu Þorsteins Helgasonar myndi *Húsmæðraskólalíf* falla í flokk sögulegra heimildamynda. Hann lýsir þeim sem blöndu af fræðslu og skemmtun, sannleiksleit og skáldskap og segir þær sögulegar vegna þess að þær fjalli

²³ Þorsteinn Helgason, „Sagan á skjánum“, bls. 43.

²⁴ Þorsteinn Helgason, „Sagan á skjánum“, bls. 43.

²⁵ Þorsteinn Helgason, „Sagan á skjánum“, bls. 43.

um efni „sem talið er sögulegt þegar myndin er gerð.“²⁶

Þetta hefur oftast í för með sér að myndin er að einhverju leyti sett saman úr eldra myndefni þó að einnig sé kvikmyndað í núinu, svo sem minjar fortíðar, viðtöl við fólk og aðrar athafnir sem tengja nútíð við fortíð. Eldra myndefnið getur annars vegar verið kvikmyndir og ljósmyndir, svo langt sem þær ná og hins vegar aðrar myndgerðir þegar þessum sleppir.²⁷

Bandaríski kvikmyndagagnrýnandinn Bill Nichols segir að til séu fjórar tegundir heimildamynda: skýringarmyndir, könnunarmyndir, gagnvirkar myndir og sjálfhverfar myndir. Skýringarmyndir hafa „það að markmiði að útskýra fyrir áhorfendum ákveðið afmarkað viðfangsefni.“²⁸ Sögulegar heimildamyndir falla oftast í þennan flokk. Í könnunarmyndum reynir kvikmyndagerðarfólkið að „láta eins lítið fyrir sér fara og hafa eins lítil áhrif og mögulegt er á viðfangsefni sitt og myndar einfaldlega það sem fyrir augu ber.“²⁹ Gagnvirkar myndir leggja áherslu á „tengsl og samskipti kvikmyndagerðarmannsins og viðfangsefnisins. Kvikmyndagerðarmaðurinn getur vel haft áhrif á framvinduna og gerð myndarinnar breytt viðfangsefninu...“³⁰ Síðasti flokkurinn eru sjálfhverfar myndir. Það er þegar eiginleiki textans er í brennidepli. „Framsetning hins sögulega heims – raunveruleikans – verður sjálf eitt helsta viðfangsefni sjálfhverfu myndarinnar. ... [Áherslan er á] tengsl kvikmynda og áhorfenda ... Almennur þekkingarfræðilegur vafi einkennir sjálfhverfu myndina þar sem trúin á fjarlægð, hlutleysi kvikmyndagerðarmannsins og raunveruleika/sannleika myndefnisins er ekki lengur til staðar.“³¹

Húsmæðraskólalíf er söguleg heimildamynd eins og komið hefur fram. Þar af leiðandi fellur hún í flokk skýringarmynda miðað við flokkun Nichols, með einni undantekningu því um skýringarmyndir segir Nichols einnig:

Oftar en ekki er beitt svokallaðri „rödd guðs“ eða sögumannsrödd sem útskýrir það sem fyrir augu ber í myndmálinu. Séu viðtöl notuð á annað

²⁶ Þorsteinn Helgason, „Sagan á skjánum“, bls. 41.

²⁷ Þorsteinn Helgason, „Sagan á skjánum“, bls. 45.

²⁸ Björn Ægir Norðfjörð, „Einsleit endurreisn“, bls. 118.

²⁹ Björn Ægir Norðfjörð, „Einsleit endurreisn“, bls. 118.

³⁰ Björn Ægir Norðfjörð, „Einsleit endurreisn“, bls. 118.

³¹ Björn Ægir Norðfjörð, „Einsleit endurreisn“, bls. 118-119.

borð styðja þau fyrst og fremst við hina almennu útskýringu myndarinnar, hvort sem beitt er rödd guðs eður ei, og eru þannig ekki málsvarar ólíkra sjónarhorna.³²

Í myndinni *Húsmæðraskólalíf* er vissulega þulur eða sögumaður, en það er ekki hægt að líkja honum við þá „rödd guðs“ sem Nichols talar um. Það mætti frekar lýsa þuli myndarinnar sem nokkurs konar leiðsögumanni. Með því á ég við að hann leiðir okkur á staðina sem við viljum sjá og fyllir inn. Sögumaðurinn stjórnar ekki myndinni, hann stjórnast af því sem viðmælendur segja, hann er forvitinn um húsmæðraskólanna og hann vill að viðmælendurnir segi sér meira.

Að lokum er það flokkun Björns Ægis Norðfjörð kvikmyndafræðings sem hann setti fram árið 2008 eftir að hafa skoðað íslenskar heimildamyndir sem gerðar voru sérstaklega fyrir „hvíta tjaldið“ eftir aldamótin 2000.³³ Hann skiptir þessum íslensku heimildamyndum í fjóra flokka: 1. utangarðsmenn og þjóðþekktir einstaklingar, 2. mannlífið á afmörkuðum stað, 3. tónlist og 4. fjölmening eða breytt íslenskt samfélag.³⁴ Björn Ægir tekur þó fram að sumar myndir falli undir fleiri en einn flokk. Hér, rétt eins og með flokka Nichols og Þorsteins Helgasonar, er frekar augljóst undir hvaða flokk *Húsmæðraskólalíf* fellur því að hún fjallar um mannlíf á afmörkuðum stað, þá á ég við mannlíf í húsmæðraskólum landsins. Mögulega gæti hún einnig fallið undir flokkinn „fjölmening eða breytt íslenskt samfélag“, þar sem aðeins er komið inn á þróun skólamála á Íslandi og hvernig breytt viðhorf samfélagsins stuðluðu að því að húsmæðraskólarnir lögðust af.

3.2. Samanburður við aðrar miðlunarleiðir

Það hefði verið hægt að miðla endurminningum þessara húsmæðraskólagengnu kvenna á svo marga aðra vegu en í lifandi mynd sem og í öðrum formum s.s. í bók, á sýningu, með vefseti eða útvarpsþættir koma til greina.

Þegar hafa verið skrifaðar sögur flestra húsmæðraskólanna. Þó þar hafi verið

³² Björn Ægir Norðfjörð, „Einsleit endurreisn“, bls. 118.

³³ Björn Ægir Norðfjörð, „Einsleit endurreisn“, bls. 114.

vel að verki staðið og vissulega verið unnið þarft starf þá er líklegt að það séu samt fyrst fremst fyrrum nemendur skólanna og mögulega einhverjir íbúar héraðanna sem kaupa slíkar bækur. Ég hefði ekki valið þessa leið, því hljómfall, fas og svipbrigði viðmælanda bæta svo miklu við frásagnir þeirra og gerir þær lifandi. Hins vegar hafa bækur þann kost að í þær má koma miklu meiri upplýsingum og nánari útlistunum á efninu heldur en í heimildamynd eða útvarpsþætti sem takmarkast af ákveðnum tímaramma. Gott dæmi um þetta er heimildamynd Höllu Kristínar Einarsdóttir, *Konur á rauðum sokkum*, og bókin *Á rauðum sokkum. Baráttukonur segja frá* sem var samin af nokkrum konum sem voru virkar í Rauðsokkahreyfingunni hér á Íslandi. Bókin er 453 síður en myndin er klukkutími að lengd. Það gefur því augaleið að í bókinni eru miklu meiri upplýsingar um kvenréttindabaráttuna á 8. áratug síðustu aldar, en á móti kemur að myndin er líklegri til þess að hrífa fólk með sér.

Í gamla Kvennaskólanum á Blönduósi hefur verið sett upp sýning í umsjón Aðalbjargar Ingvarsdóttur, síðustu forstöðukonu skólans. Sýningin er ekki stór, hún stendur í tveimur litlum herbergjum og þar er saga skólans rakin auk þess sem munum úr skólanum er stillt upp á smekklegan hátt.³⁵ Þó sýningin sé lítil er hún samt líkleg til þess að höfða til breiðari hóps en bækur um efnið, til að mynda barna og unglinga, því reynt er að miðla upplýsingum sem minnst með texta og leyfa frekar mununum að segja söguna. Þess má þó geta að sýningin er í stöðugri þróun og sennilega á hún eftir að verða viðameiri á næstu árum. Vitandi það að heimildamynd um lífið í húsmæðraskólunum væri í framleiðslu, stakk Aðalbjörg upp á að sú mynd yrði jafnvel hluti af sýningunni í Kvennaskólanum á Blönduósi og yrði sýnd á litlum skjá í öðru herbergjanna. Ég taldi því ekkert til fyrirstöðu, enda væri það áhugaverð og góð viðbót við sýninguna. Með því fengju safngestir að heyra og sjá frá fyrstu hendi hvernig upplifun það var að ganga í húsmæðraskóla.

Útvarpsþáttaröð kæmi vel til greina fyrir þetta efni. Í fyrsta lagi vegna þess að það er mjög auðvelt að koma efni að í útvarpi. Við höfum hér ríkisútvarp sem hefur sett sér þá stefnu að miðla ýmsum fróðleik til hlustenda og oftast en ekki sögulegum fróðleik. Önnur ástæða fyrir því að velja þennan miðil er vegna þess að hann er

³⁴ Björn Ægir Norðfjörð, „Einsleit endurreisn“, bls. 123.

³⁵ Aðalbjörg Ingvarsdóttir sýndi mér þessi herbergi þegar ég tók viðtal við hana síðasta haust. Þá voru hún og

lifandi miðill, rétt eins og heimildamyndir. Það er mín persónulega skoðun að endurminningar skili sér best í raddblæ og svipbrigðum þess sem rifjar upp. Þegar endurminningar eru skemmtilegar þá hlær viðmælandinn, þegar eitthvað er sorglegt þá sést það í augnaráðinu og heyrast á raddblænum. Hvorki bækur né sýningar ná að miðla til tilfinningum fólks á sama hátt, þó hvort tveggja sé góðar miðlunarleiðir svo langt sem þær ná. Hér væri tilvalið að útbúa fléttuþátt (e. montage radio) en sú tegund af útvarpsþáttum hefur verið að ryðja sér til rúms hér á landi síðustu árin, en það mætti segja að þeir væru hliðstæða heimildamyndarinnar. Í þeim er viðtölum við fólk fléttað saman við frásögn þular auk þess sem oft eru notuð hljóð og tónlist til þess að hlustandi geti séð ljóslifandi fyrir sér það sem fjallað er um.³⁶

Á meðan á framleiðslu myndarinnar stóð, sá ég betur og betur hvað vefsetur myndi henta þessu efni vel. Ég sé fyrir mér síðu þar sem hægt væri að kynna sér sögu húsmæðrafræðslu á Ísland frá a–ö: upphaf, þróun og endalok, námsgreinar, húsnæði og sögur nemenda og kennara. Hver skóli hefði sitt svæði og þar væri hægt að skoða frásagnir nemenda hvers skóla, hvernig skólinn leit út og hvaða starfsemi fer þar fram í dag. Þá væri hægt að skoða myndir úr þessum skólum, myndir af kennslu, félagslífi, handverki o.s.frv. Slíka heimasíðu yrði tilvalið að gera í samvinnu við konur sem voru í húsmæðraskóla, fá einn fulltrúa úr hverjum skóla til þess að safna efni og hafa umsjón með svæði síns skóla. Þetta yrði gagnvirk síða þar sem hægt væri að senda inn spurningar og þeim yrði svarað ýmist á spjallborði eða ef fyrirspurnin væri um eitthvað sem hafði ekki komið fram á síðunni yrði því bætt við. Svona heimasíða myndi nýtast vel til fræðslu, sérstaklega á tímum þar sem tölvur eru að verða sífellt stærri hluti af kennslu grunn- og framhaldsskóla. Að mínu mati hefði vefsvæði jafnvel hentað betur heldur en mynd vegna þess að það myndi ná að miðla svo mörgum ólíkum þáttum húsmæðraskólanna á mismunandi formi.

Heimildamynd, útvarpsþáttaröð eða heimasíða, þessir þrír valkostir eru að mínu mati bestu miðlunarleiðirnar fyrir þetta efni og vel til þess fallnir að ná til breiðari markhóps heldur en bækur og sýningar. Það er þó ekki þar með sagt að ég telji þá endurspeglar fortíðina betur. Þar verð ég að vera sammála bandaríska

dóttir hennar Iðunn Vignisdóttir nýbúnaar að ljúka standsetningu sýningarinnar.
³⁶ Sjá: *What is a radio drama montage?* Vefslóð: <http://www.savoyhill.co.uk/technique/learning/montage.html>.

sagnfræðingnum Hayden White þegar hann segir:

Engin saga, hvort sem er myndræn eða í orðum, „speglar“ alla eða meiripart þeirra atburða og atriða sem ætlunin er að segja frá og þetta gildir einnig um hina afmörkuðustu „einsögu“. Í allri ritaðri sögu er þjappað saman, hnikað til, tákngert og skilyrt, nákvæmlega eins og tíðkast í kvikmyndagerð.³⁷

Sama hvaða miðlunarleið ég hefði valið, óháð því hvaða skoðun ég hef á skemmtanagildi þeirrar leiðar og markhópum hún nær, þá er staðreyndin sú að ég get aldrei sýnt veruleikann eins og hann var, hann skekkist vegna minnar íhlutunar, ákvarðana og sýnar á heiminn.

³⁷ Hayden White, „Historiography and Historiophoty“, bls. 1194.

Lokaorð

Húsmæðraskólalíf er söguleg skýringarmynd sem fjallar um líf á afmörkuðum stað, í húsmæðraskólum á Íslandi á sjötta, sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Eftir 1980 höfðu flestir húsmæðraskólar verið lagðir niður vegna lítillar aðsóknar meðal annars vegna breyttra viðhorfa í samfélaginu til stöðu kvenna innan heimilis og á vinnumarkaði. Tveir skólar héldu áfram störfum, á Hallormsstað og í Reykjavík, en undir nýjum formerkjum. Nú kölluðust þeir hússtjórnarskólar og voru opnir báðum kynjum og starfa þeir enn í þeirri mynd.

Heimildamyndin *Húsmæðraskólalíf* fjallar fyrst og fremst um hvernig konur upplifðu veruna í húsmæðraskólunum, hvers vegna þær sóttu í þetta nám og hvaða tilfinningu þær bera til þessa tíma í dag. Heimildamynd er að mínu mati ákjósanlegasti miðillinn til þess að miðla þessum upplýsingum áfram vegna þess að ég tel hann geta komið þeim til breiðari markhóps en bók eða sýning. Svipbrigði og raddblær viðmælenda gefa meiri innsýn í þær tilfinningar sem þessar konur bera til þessa tíma heldur en texti á blaði. Útvarpsþáttaröð hefði einnig komið til greina af sömu ástæðum eiginleika auk þess sem mjög auðvelt aðgengi er að Ríkisútvarpinu. Sú hugmynd var líka uppi að gera gagnvirkt vefsetur þar sem ein kona úr hverjum húsmæðraskóla sæi um að setja upp efni um sinn skóla á síðuna.

Fyrir ári síðan hófust upptökur fyrir heimildamynd sem fékk síðan nafnið *Húsmæðraskólalíf*. Nú er hún loksins orðin að veruleika eftir langt vinnuferli sem einkenndist að lotuvinnu, þ.e. það komu vikur sem unnið var frá morgni til kvölds alla daga og aðrar vikur þar sem allt var stopp, þá ýmist vegna anna í öðrum verkefnum og vinnu eða vegna andleysis. Aldrei var þó nokkur vafi á að þessi mynd yrði kláruð. Með þessari skýrslu hefur punkturinn verið settur yfir i-ið á lokaverkefni mitt til M.A.-prófs í hagnýtri menningarmiðlun sem hefur án nokkurs vafa verið lærdómsríkt og þroskandi verkefni. Margir hindranir hafa verið yfirstignar og það hefur auk þess að ýtt undir sjálfsöryggi mitt sem hefur vaxið og dafnað.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Á rauðum sokkum. Baráttukonur segja frá. Ritstjóri Olga Guðrún Árnadóttir. Reykjavík, 2011.

Ársskýrsla Ríkisútvarpsins ohf. 1. september 2010 - 31. ágúst 2011. Vefslóð:
<http://www.ruv.is/files/ruv-arsskyrsla-2011.pdf>.

Alþingistíðindi 1911. Reykjavík, 1911

Björn Ægir Norðfjörð, „Einsleit endurreisn. Íslenskar heimildamyndir fyrir sjónvarp.“ *Saga* 46:2 (2008), bls. 114-149.

Das, Trisha, *How to Write a Documentary Script. A Monograph*. Vefslóð:
http://www.unesco.org/new/fileadmin/MULTIMEDIA/HQ/CI/CI/pdf/programme_doc_documentary_script.pdf.

Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850-1903*. Reykjavík, 2011.

Eyrún Ingadóttir, *Saga Húsmæðraskóla Reykjavíkur í 50 ár*. Reykjavík, 1992.

Hagskinna. *Sögulegar tölur um Ísland*. Ritstjórar Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon. Reykjavík, 1997.

Ruby, Jay, „Siðferði mynda, eða: „Ég fæ að leika í bíómynd. Þeir ætla að gera mig að stjörnu.“ *Áfangar í kvikmyndafræðum*. Ritstjóri Guðni Elísson. Reykjavík, 2003, bls. 207-218.

Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*. Reykjavík, 1993.

White, Hayden, „Historiography and Historiophoty.“ *The American Historical Review* 93:5 (1988), bls. 1193-1199.

Þorsteinn Helgason, „Sagan á skjánum. Sögulegar heimildamyndir fyrir sjónvarp.“ *Saga* XL:2 (2002), bls. 41-78.

Heimildamyndir:

Halla Kristín Einarisdóttir, *Konur á rauðum sokkum*. 2009.

Vefsíður:

What is a radio drama montage?

Vefslóð: <http://www.savoyhill.co.uk/technique/learning/montage.html>.

Laugadís '68-'69. Vefslóð: <http://laugar.123.is>.

Viðaukar

Viðauki I

VERKÁÆTLUN

vegna lokaverkefnis til MA-prófs
í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands

Nemandi: Fanney Hólmfríður Kristjánsdóttir
Kennitala: 301285-2809
Heimilisfang: Drápuhlíð 44, 105 Rvk
Sími: 6911285
Netfang: fhk1@hi.is

Aðalleiðbeinandi: Halla Kristín Einarsdóttir
Netfang:eggthor@hi.is
Meðleiðbeinandi: Eggert Þór Bernharðsson
Netfang: hke2@hi.is

Vinnuheiti lokaverkefnis: Húsmæðraskólarnir

Áætluð lok verkefnis: Febrúar 2012

Áætlað meginform verkefnisins (má krossa við fleiri en eitt):

Bók/Bæklingur ()
Geisladiskur ()
Kvikmynd (x)
Handrit ()
Ráðstefna/Málþing ()
Safnkennsluefni ()
Skýrsla (x)
Sýning ()
Útvarpsþættir ()
Vefsvæði ()
Annað:

Námskeið sem lokið er og tengjast viðfangsefninu:
Myndir og miðlun (HMM215F)
Lifandi miðlun (HMM216F)

Miðlunarleiðir (HMM101F)

Stutt lýsing á verkefninu: Litið verður yfir sögu og þróun húsmæðraskólanna og upplifun kvennanna sem í þeim numu og kenndu.

Rannsóknarspurning(ar) og meginmarkmið sem sett eru fram í greinagerð:

Meginmarkmið er að fá innsýn í starf og tilgang húsmæðraskólanna sem eru óneitanlega mikilvægur partur af íslenskri félags-, menningar- og skólasögu.

Rannsóknarspurningar: Upp úr hverju spruttu húsmæðraskólarnir? Hver var tilgangur þeirra? Munurinn á þeim og kvennaskólum. Hvers vegna fóru konur í húsmæðraskóla? Höfðu konur einhvern ávinning af því að ganga í húsmæðraskóla, s.s. réttindi? Hvaða tilfinningar bera konurnar til veru sinna í húsmæðraskóla í dag?

Grunnlesefni/heimildir (heimildaflokkar):

Viðtöl við konur sem stunduðu nám í hinum mismunandi skólum fyrir 1975, kennara og aðra sem koma við sögu. Ritgerðir, greinar og rannsóknir um húsmæðraskóla og menntun kvenna almennt á Íslandi. Skjalasöfn húsmæðraskólanna.

Markhópar:

Myndin er örlítið framlag í skólasögu Íslendinga og með því að sjónarmiði verður reynt að höfða til sem breiðasta hóps. Markmiðið er að hún geti nýst til fræðslu í kynjasögu en um leið að vera skemmtilegt afþreyingarefni í sjónvarpi fyrir breiðan aldurshóp beggja kynja.

Viðauki II

Facebook-auglýsing 6. Október 2011

Varst þú í húsmæðraskóla?

<http://www.facebook.com/>



Fletta glósum

- Glósur vina
- Glósur síðna
- Glósurnar mínar
- Drögin mín
- Glósur um mig

[Hoppa til vinar eða á síðu](#)

Merkt



Glósurnar mínar
[Breyta innflutningsstillingum](#)

Leita

Varst þú í húsmæðraskóla?

Fanney Hólmfríður Kristjánsdóttir skrifaði þann 6. október 2011 kl. 18:58

Ég er að vinna að mastersverkefni mínu – heimildamynd um gömlu húsmæðraskólar er að leita eftir viðmælendum sem eru til í að rifja upp stemminguna. Ef eitthvað af eftirfarandi á við um þig:

- gekkst í húsmæðraskóla fyrir 1980
- kenndir í húsmæðraskóla fyrir 1980
- varst að sniglast í kringum húsmæðraskóla fyrir 1980 (t.d. til þess að kíkja á sa stelpurnar)
- eða veistu um einhvern sem gerði eitthvað af þessu

Þá máttu endilega hafa samband við mig hér á fésbókinni, í gegnum tölvupóst (fanneyhk@gmail.com) eða í síma 691-1285.

Með fyrirfram þökkum,
Fanney Hólmfríður Kristjánsdóttir.

Endilega deilið þessu.

Líkar þetta · Skrifa athugasemd · Unfollow Post · Deila · Eyða

Kristján H Theodórsson kann að meta þetta.

Skoða allar 10 deilingar



Elin Auður Ólafsdóttir Mamma var á Laugarlandi – hún gæti viljað spjalla við þig Hrefna Hreiðarsdóttir
Í gær klukkan 19:54 · Líkar þetta



Auður Alfa Ólafsdóttir Mamma var í húsmæðraskóla :)
Í gær klukkan 20:45 · Líkar þetta



Sigurbjörg Elin Hólmarsdóttir Heyrðu ég held ég viti um allavega tvær sem var í Hallormsstað. Tékka á þeim :)
Í gær klukkan 20:57 · Líkar þetta



Fanney Hólmfríður Kristjánsdóttir Takk þið yndislegu konur :) Frábært að fá svona undirtektir :)
fyrir 21 klst. síðan · Líkar þetta



Bryndís Guðmundsdóttir Mamma var í Húsmæðraskólanum Ósk á Ísafirði. Ég skal sýna henni þetta :)
fyrir 13 klst. síðan · Líkar ekki við · 1 manneskja



Kolbrún Hlín Hlökkversdóttir set þetta líka hér, mamma var á Laugarlandi og Sirrý svilkona hennar fyrrverandi
fyrir 9 klst. síðan · Líkar ekki við · 1 manneskja



Skrifa ummæli...

Facebook © 2011 · Íslenska

Um vefinn · Auglýsinga

Alma og Íris

Guðrún Helga Þórðardó

Ólöf Birna Ólafsdóttir

Viðauki III

Viðmælendur – nemendur

Nafn	Fæðingarár	Skóli	Tímabil	Búseta
Anna Dóra Snæbjörnsdóttir	1952	Laugar	1969-70	Mývatnssveit
Bergþóra Eysteinsdóttir	1958	Laugar	Vor 1977	Mývatnssveit
Brynja Hlíf Þorsteinsdóttir	1947	Ísafjörður	1965-66	Akureyri
Elín Kjartansdóttir	1934	Blönduós	1954-55	Akureyri
Guðný Óskarsdóttir	1950	Hallormsstaður	1967-68	Eyjafjarðarsveit
Guðrún Þórarinsdóttir	1942	Laugar	1961-62	Mývatnssveit
Ingibjörg Sigfúsdóttir	1942	Reykjavík	1960-61	Reykjavík
Laufey Magnúsdóttir	1940	Reykjavík	1960-61	Reykjavík
Lilja Guðmundsdóttir	1955	Laugaland	1973-74	Akureyri
Margrét Sigfúsdóttir	1947	Laugarvatn	1964-65	Reykjavík

Viðmælendur – starfsfólk

Nafn	Fæð.ár	Skóli	Staða	Tímabil	Búseta
Aðalbjörg Ingvarsdóttir	1939	Blönduós	Forstöðukona	1964- 1978	Blönduós
Hulda Magnea Jónsdóttir	1950	Laugaland	Saumakennari	1972- 1975	Eyjafjarðarsveit

Viðauki IV

Spurningalisti fyrir viðtöl

1. Í hvaða húsmæðraskóla fórst þú og hvenær?
2. Hver er uppruni þinn (Æskuheimili, staða foreldra, fjöldi systkina).
3. Hvers vegna fórstu í húsmæðraskóla?/Hvaðan kom hugmyndin um að fara í húsmæðraskóla?
4. Hvaða menntun hafðiru hlotið áður?
5. Hvað fannst foreldrum þínum um að þú færir í húsmæðraskóla?
6. Hvers vegna valdir þú þennan ákveðna húsmæðraskóla?
7. Segðu mér frá deginum þegar þú mættir í skólann. Hvernig leið þér? (kvíði, tilhlökkun)
8. Segðu mér frá skólanum?
9. Hvernig voru samskiptin við hitt kynið?
10. Skemmtilegar sögur?
11. Hverjar voru helstu reglur skólans?
12. Hvað fannst þér um þessar reglur?
13. Hvað var kennt?
14. Hvað fannst þér skemmtilegast/leiðinlegast?
15. Hver var tilfinningin þegar þú kláraðir skólann?
16. Heldurðu enn sambandi við skólasystur þínar?
17. Hvað finnst þér um húsmæðraskólamenntun þína í dag?

Viðauki V

Tökudagar

Dagsetning	Tegund töku	Staðsetning
07.05.2011	Endurfundur árgangs 1965 úr Húsmæðraskólanum Ósk á Ísafirði	Hofsós, Hólar í Hjaltadal, Sauðárkrókur og Langamýri í Skagafirði
10.09.2011	Brynja Hlíf Þorsteinsdóttir að baka kleinur	Sumarbústaður Brynju, Vaðlaheiði
11.09.2011	Viðtal við Brynju Hlíf Þorsteinsdóttur	Heimili Brynju á Akureyri
13.10.2011	Viðtal við Önnu Dóru Snæbjörnsdóttur, Guðrúnu Þórarinsdóttur og Bergþóru Eysteinsdóttur	Glerártorg Akureyri
	Viðtal við Elínu Kjartansdóttur	Heimili Elínar á Akureyri
14.10.2011	Viðtal við Lilju Guðmundsdóttur	Heimili Lilju á Akureyri
	Viðtal við Guðnýju Óskarsdóttur	Heimili Guðnýjar í Eyjafjarðarsveit
15.10.2011	Viðtal við Huldu Magneu Jónsdóttur	Heimili Huldu í Eyjafjarðarsveit
16.10.2011	Viðtal við Aðalbjörgu Ingvarsdóttur	Kvennaskólinn á Blönduósi
26.03.2012	Viðtal við Margréti Sigfúsdóttur	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík, Sóleyjargötu
	Viðtal við Ingibjörgu Sigfúsdóttur og Laufeyju Magnúsdóttur	Heimili Ingibjargar í Reykjavík

Húsmæðraskólalíf
Handrit að heimildamynd

Fanney Hólmfríður
Kristjánsdóttir

VIDEO	AUDIO
<p>UPPHAF:</p> <p>Í svart/hvítu: Sykri er hellt í skál</p> <p>Nærmyndir af kleinubakstri: aðferðinni og höndunum. Allt í svarthvítu þar til kleinurnar eru tilbúnar og þeim hellt í plötu þá svissast yfir í lit og þulur byrjar.</p> <p>Brynja stendur við steikingarpottinn og segir frá.</p> <p>Röð mynda birtast og að lokum titill myndarinnar.</p>	<p><u>TÓNLIST</u> Upphafsstef: Vagg og velta með Erlu Þorsteinsdóttur.</p> <p><u>ÞULUR</u> Þetta er hún mamma. Hún gerir bestu kleinur í heimi.</p> <p><u>BRYNJA</u> Mér finnst nú bakarískleinur aldrei góðar. Þær eru svo ofboðslega þéttar og já bara ekki góðar.</p> <p><u>ÞULUR</u> Þegar ég var lítil sagði hún mér sögur frá því hún var í húsmæðraskóla. Mér fannst það heillandi heimur.</p>
<p>INNGANGUR:</p> <p>Klippur úr endurfundum árgangs 65' í húsmæðraskólanum Ósk í Skagafirði vorið 2011. Konurnar sitja fyrir myndatöku.</p> <p>Skólapijald með nemendum Húsmæðraskólans Óskar 1965-66.</p> <p>Mynd af fyrsta húsmæðraskólanum við Lækjargötu og mynd af Elínu Briem.</p> <p>Ljósmyndir af Kvennaskólanum í Reykjavík og Kvennaskólanum á Ytri-Ey.</p>	<p><u>ÞULUR</u> Þetta eru skólasystur mömmu. Þær hafa hist á 5 ára fresti síðustu 46 árin.</p> <p><u>ÞULUR</u> Þær voru saman í Húsmæðraskólanum Ósk á Ísafirði veturinn 1965-66.</p> <p><u>ÞULUR</u> Fyrsti húsmæðraskólinn á Íslandi var stofnaður í Reykjavík árið 1897 af Elínu Briem.</p> <p><u>ÞULUR</u> Fyrir voru nokkrir kvennaskólar í landinu sem lögðu áherslu á bóknám og hannyrðir á meðan Húsmæðraskólinn í Reykjavík var verkmenntaskóli sem kenndi allt hagnýtt sem viðkom viðhaldi og umönnun heimilis.</p>

VIDEO	AUDIO
<p>Blaðaúrklippur sem segja frá opnunum húsmæðraskóla.</p> <p>Blaðaúrklippa með fyrirsögninni: Mikil aðsókn að húsmæðraskólanum. Ljósmynd af hópi stúlkna í búning fyrir framan Húsmæðraskólann í Reykjavík.</p> <p>Allir viðmælendur birtast í einu í 9 römmum og kliðurinn frá þeim heyrst lágt undir.</p>	<p><u>ÞULUR</u> Eftir lýðveldisstofnunina 1944 spruttu húsmæðraskólar upp eins og gorkúlur vítt og breitt um landið og árið 1948 voru þeir 13 talsins. Lengst af voru þeir þó 11 talsins. Áður hafði verið mikil umræða í gangum um hið mikilvæga hlutverk konunnar sem uppalanda hinnar íslensku þjóðar og til að geta innt það starf sem best úr hendi þyrfti hún að fá tilheyrandi menntun.</p> <p><u>ÞULUR</u> Blómatími húsmæðraskólanna var á 6. og 7. áratug síðustu aldar. Á því tímabili gengu í kringum 8500 konur í húsmæðraskóla.</p> <p><u>ÞULUR</u> Allt í kringum mig eru konur sem gengu í húsmæðraskóla. Þær er að finna í öllum starfstéttum.</p>
<p>HVERS VEGNA FARA Í HÚSMÆÐRASKÓLA?:</p> <p>Blaðagrein með fyrirsögninni: Hvers vegna fara ungar stúlkur í húsmæðraskóla.</p>	<p><u>ÞULUR</u> En hvers vegna fóru ungar stúlkur í húsmæðraskóla?</p> <p><u>INGIBJÖRG</u> Þá voru bara flestar ungar stúlkur sem að fóru í húsmæðraskóla ef það var einhver töggur í þeim sko.</p> <p><u>LAUFEY</u> Það var ekkert verið að hvetja mann til þess að læra eitthvað annað. Það var svona reiknað með því að maður yrði húsmóðir.</p> <p><u>INGIBJÖRG</u> Og systir mín sem er tíu árum eldri sagði: „Ég fór í húsmæðraskóla, það var nógu gott fyrir mig, þá er það nógu gott fyrir þig. [U+201F]“</p> <p><u>ELÍN</u> Manni fannst þetta voðalega gaman að hitta svona margar stelpur</p>

VIDEO

AUDIO

alls staðar af landinu.

BRYNJA

Það var held ég bara svona ákveðin ævintýraþrá, skipta um umhverfi, fara eitthvað lengra til þar sem væru ekki heimahagarnir bara til að upplifa eitthvað nýtt. Okkur langaði ekkert að fara í húsmæðraskólann á Laugalandi. Það var svo stutt, það var ekkert spennandi.

LILJA

Þegar ég var búin með gagnfræðiskólann þá var ég að vinna á vertíð í Keflavík. Þá var svo algengt að fara eða þótti mjög flott að fara til Ísraels á samyrkjubú í sjálfboðavinnu að týna appelsínur. Ég ætlaði þangað en svo braust út eitthvert styrjaldarástand akkúrat á þessu svæði. Eina skiptið sem ég man eftir að pabbi hafi skipt sér af einhverjum sem ég hef gert og hann bannaði mér að fara. Og það svona hálf fauk í mig. Ég ætlaði samt að fara eitthvað sko. Og endaði svo á Laugalandi í húsmæðraskóla. Það var eiginlega til þess af hverju ég fór. Það var ekkert endilega vegna þess að mig langaði í húsmæðraskóla. Það bara voru ekkert svo margir kostir í boði sko.

LAUFEY

Sumar voru hreinlega sendar í skólann. Það var nú allavega ein sem var ekkert voðalega sátt við að vera þarna, hún var greinilega send í skólann. Hún átti bara að fara í húsmæðraskóla. En flestar, allflestar, voru þarna af ánægju og vildu vera þarna og vildu læra.

VIDEO

AUDIO

HÚSNÆÐIÐ:

ÞULUR

Eins og með svo margt annað á þessum árum var ekki mikið fyrir plássi að fara fyrir stúlkurnar í heimavistum skólanna. Að minnsta kosti ekki þegar aðsóknin var hvað mest. Mismunandi var eftir skólum hversu þröngt var í herbergjunum. Þær voru aldrei færri en tvær saman en mjög algengt var að þær væru allt upp í fimm saman í herbergi.

MARGRÉT

Við vorum yfir 40. Og í svo þínulitlum herbergjum. Og það voru ekki stór herbergi. Það var rúm...maður kom inn. Og það var til vinstri og sitthvorum megin var lítill fataskápur. Ætli hann hafi ekki verið svona 30/40 cm á breidd. Og það varð að duga manni. Svo beint á móti hurðinni var lítið skrifborð undir glugga og rúm sitthvorum megin. Bingó búið. Og það gat einn setið við þetta litla skrifborð. Þetta var plássið. Og allir voru voða ánægðir sko. Það fór voða vel um alla og svo voru náttúrulega til stærri herbergi, það voru bara fleiri rúm í herberginu.

ELÍN

Þegar ég kom í herbergin núna, þá skildi ég ekki hvað herbergin voru lítil. Mér fannst þau ekkert lítil þegar ég var þar. Og gangurinn, okkur fannst hann svo stór en hann var bara örmjór eiginlega. Það var ekkert rúmt um okkur sko, ekkert þannig. En okkur fannst ekkert þröngt þá.

VIDEO	AUDIO
<p>Brot úr Kvennskólaævintýrinu. Stúlkur að kvarta yfir hreinlæti herbergisfélaga síns.</p> <p>NÁMSFYRIRKOMULAG OG KENNSLA:</p> <p>Myndir af stúlkum í hópum í búningum með kapp á höfðinu.</p> <p>Mynd af stúlkum sitjandi við handavinnu.</p> <p>Myndir af stúlkum að vefa.</p>	<p><u>GUÐNÝ</u> Þá mátti maður bara...áttum við bara að fara í bað einu sinni í viku. Og þú getur nú ímyndað þér svona - ég man nú ekki hvað við vorum margar í skólanum - en við áttum bara að nota einn dag í að fara í bað. Og heita vatnið var nú ekki aldeilis mikið. Þannig að þær sem fóru bara fyrst í baðið fengu heitt bað. Svo vorum við hinar allar í hálfköldu baði - sem að eftir fórum. Og svo var ein þeirra - var búin að láta renna í bað handa sér og ætlaði bara að... Bara fór niður áður en við máttum fara í baðið. Eða fara...já. Og hljóp niður og lét renna í bað handa sér og svo kom tíminn og ég vissi af þessu og ég stal því. Stalst til að nota vatnið. [Hlær]</p> <p><u>PULUR</u> Námsfyrirkomulag húsmæðraskólanna var á þá leið að stúlkunum var skipt upp í svokölluð númer eða hópa sem hver sá um sinn hluta heimilisverka viku eða mánuð í senn.</p> <p><u>ANNA DÓRA</u> En því að það var náttúrulega bæði verkleg kenning - það var bæði vefnaður og saumar...</p> <p><u>BRYNJA</u> Það var verið að þrjú líka. Bæði í höndunum og sauma út dúka, barnaföt og náttúrulega föt á okkur sjálfar.</p> <p><u>HULDA</u> Þær ófu stóra dúka, væðarvoðir og allskonar. Það var mjög fallegt sem þær gerðu.</p> <p><u>ANNA DÓRA</u> Það er eitt stykki sem við ófum sem var mjög sérstakt. Það átti að vera barnateppi. Og þá var framleitt hérna í verksmiðjunum á Akureyri svokallað dralogarn, sem var sko...það bara ískraði í því það var svo mikið gervi.</p>

VIDEO	AUDIO
<p>Mynd af stúlkum að teygja á vefnaði í vefstól.</p> <p>Auglýsingar um Singer og Knittax prjónavélar úr dagblöðum.</p> <p>Klippa úr endurfundi Óskar. Steinunn (stúlkun með hárið) rifjar upp annað atvik þar sem hún festi hárið í vindu. Ljósmyndir af stúlkum við bakstur.</p> <p>Ljósmyndir af stúlkum að þrífa.</p>	<p><u>GUNNA</u> Var það það sem þurfti að teygja?</p> <p><u>ANNA DÓRA</u> Jú. Það þurfti að teygja á því. Svo vorum við látnar vefa barnateppi úr þessu garni. Og þegar það var svo tekið niður úr vefstólum þá skrapp það allt saman. Þannig að þú veist þetta var langt í stólum. Svo þegar þetta var tekið niður þá var þetta bara ægilegur stubbur og aldrei hægt að nota þetta til eins eða neins.</p> <p><u>BRYNJA</u> Ég var svolítið svona flink á prjónavélina þannig að ég var stundum fengin til þess að segja stelpunum til sem að höfðu aldrei komið nálægt þessu og langaði kannski til að fara prufa fyrir utan venjulegar kennslustundir. Og einu sinni það ein stelpun mig að koma með sér hún var með mjög sítt, fallett ljóst háir. Og hún var að prjóna - ég man nú ekkert hvað það var en... - og hún laut svona yfir prjónavélina og með sleðann yfir og „bang“. Hárið bara allt fast.</p> <p><u>ÞULUR</u> Svo var það heimilisfræðin.</p> <p><u>LILJA</u> Og í því var náttúrulega eldamennska og bakstur og allskonar þrif og hreingerningar, frágangur á þvottum og öllu mögulegu svoleiðis.</p> <p><u>GUÐNÝ</u> Og svo náttúrulega vorum við...var verið að kenna okkur að þrífa. Og okkur var sagt það, að ef að við þrifum ekki vel - kennarinn fór og leit yfir - að þá yrðum við að þrífa aftur. Þannig að maður náttúrulega passaði sig mjög vel að fara út í öll horn og...og þreif bara mjög vel.</p>

VIDEO	AUDIO
<p>Ljósmyndir af stúlkum við þvotta.</p> <p>Ljósmynd af stúlku sem stendur yfir þvottavél með fýlusvip.</p> <p>Brot úr Kvennskólaævintýrinu. Kennsla í að stífa skyrtur.</p>	<p><u>GUNNA</u> Þegar að ég var þá voru ekki svona þvottavélar eins og eru í dag. Við þvoðum á brettum. Skoluðum í trogum og sennilega... Ég man ekkert hvernig suðupotturinn var. Hvort að hann var með rafmagni eða hvað. Ég man það ekki. En þetta voru sko alveg sérstakir þvottadagar.</p> <p><u>LILJA</u> Þó það væri til sem sagt sjálfvirk þvottavél, þær voru nú komnar þá, þá fengu við ekkert að nota hana og vorum með svona gamlar vélar sem maður þurfti alveg að standa yfir og láta vinda og... Já, þetta var bara eins og var búið að gera síðustu hundrað ár á undan held ég. Það var ekkert verið að taka tæknina í sína notkun sko endilega, þó hún væri komin.</p> <p><u>BRYNJA</u> Við vorum að læra að stífa skyrtur. Þá þurftum við að fá skyrtur af einhverjum körlum út í bæ til að stífa.</p> <p><u>ANNA DÓRA</u> Og svo voru bóklegir tímar líka. Við vorum í íslensku og næringarfræði...</p> <p><u>BRYNJA</u> Við lærðum líka heimilisbókhald...</p> <p><u>GUÐNÝ</u> ...stærðfræði og dönsku...</p> <p><u>ELÍN</u> Sumar höfðu aldrei lært neitt í málfræði þegar þær komu þarna. Aldrei neitt. Vissu ekki einu sinni kyn eða tölu eða neitt svoleiðis. Þannig að það var svolítið breiður hópur. Svo voru sumir með gagnfræðapróf.</p>

VIDEO	AUDIO
<p>Ljósmyndir af stúlkum að læra.</p>	<p><u>GUÐNÝ</u> Þetta var eiginlega sko bara upprifjun upp úr eins og öðrum bekk, þessi fög sem við vorum í í barnaskóla sko. Þannig að þetta í raun og veru gaf okkur ekki neina...svona neitt upp í meira nám sko. Þar sem við vorum búnar að læra þetta náttúrulega.</p> <p><u>LAUFEY</u> Við vorum í leikfimi úti í gamla ÍR húsinu hjá Landakotsskóla. Það var ein sem kenndi okkur leikfimi.</p> <p><u>INGIBJÖRG</u> Já hún var að kenna okkur hvernig við ættum að sitja og standa.</p> <p><u>LAUFEY</u> Já, og bera okkur við</p> <p><u>INGIBJÖRG</u> Við áttum sko ekkert að sitja svona eins og ég geri.</p> <p><u>LAUFEY</u> Nei, bara líka að beygja sig og svona. Maður svona hló og flissaði að þessu en þetta var gott sem hún var að gera.</p> <p><u>ANNA DÓRA</u> Það var söngur einu sinni í viku.</p> <p><u>GUNNA</u> En allavega kom Fikki og hann var að prófa okkur. Í hvaða rödd við gætum verið.</p> <p><u>ANNA DÓRA</u> Já, hann byrjaði á því.</p> <p><u>GUNNA</u> Við vorum tvær saman og svo spilaði hann sterkara og þá sperrtum við okkur meira og meira og meira og herra og herra og herra.</p> <p><u>ANNA DÓRA</u> Þannig að þetta hefur þótt sjálfsagt bara partur af</p>

VIDEO	AUDIO
<p>Ljósmyndir frá handverkssýningu í Húsmæðraskólanum á Laugalandi.</p>	<p>kvenlegum dyggðum að geta sungið.</p> <p><u>GUNNA</u> Partur af programmet.</p> <p><u>HULDA</u> Og svo var haldin semsagt sýning á vorinu á öllu sem gert var. Og hérna...bæði semsagt... Og þá var þeim semsagt sem komu og skoðuðu boðið upp í kaffi. Og þetta var gífurlega vel sótt.</p>
<p>DAGLEGT LÍF OG REGLUR:</p> <p>Ljósmynd af stúlkum að leggja á borð.</p>	<p><u>ÞULUR</u> Kennsluvikan var 6 dagar en svo fengu stúlkurnar frí á sunnudögum. Dagur stúlnanna byrjaðijafnan á því að þær þurftu að vera mættar klukkan átta á morgnanna í borðsal og fór það eftir skóla hvort það var í morgunsöng, morgunbæn eða einfaldlega nafnakall.</p> <p><u>GUÐNÝ</u> Og svo eftir það þá áttum við að fara upp og búa um rúmin okkar.</p> <p><u>LILJA</u> Svo þurftum við alltaf að skúra herbergin okkar á hverjum einasta morgni. Fara og ná í vatn í fötu og þvo gólfíð og þurrka af og þrífa vaskann. Þú veist, á hverjum einasta degi. Þú veist. Sénsinn að maður geri þetta heima hjá sér. [hlær]</p> <p><u>GUÐNÝ</u> Og svo allar í morgunmat. Þá var hópurinn búinn að gera hafragrautinn og setja á borð sem að sáu um morgunmat.</p> <p><u>BRYNJA</u> Maturinn sem var á borð borinn. Þú varðst sko að gjöra svo vel og bara borða hann. Og mér er mjög minnisstætt að hérna...það var gert slátur um haustið og</p>

VIDEO

AUDIO

Brot úr Kvinnaskólaævintýrinu. Forstöðukonan skammar stúlku fyrir að sjúga upp í nefið við matarborðið.

Ljósmynd tekin út um glugga af bílum og fólki á gangi fyrir utan.

einhverra hluta vegna þá var það ekkert rosalega gott. Hvort það hefur verið eitthvað að, það hafi ekki verið soðið rétt eða eitthvað. Það var svona eins og það væri hálf skemmt. Ég hef aldrei smakkað jafn vont slátur og var þarna. Og hérna, þær sem voru ekki vanar að borða slátur þær áttu alveg ofboðslega erfitt með það að borða þetta slátur. Og ég man að þær fóru grátandi frá borðinu stundum.

HULDA

Það voru mjög strangar reglur við borðhaldið og það mátti enginn setjast...við urðum að standa allar fyrir aftan stólinn okkar og bíða þangað til að semsagt forstöðukonan fékk sér sæti.

LILJA

Sko, ég er nú ekki formlegasta manneskja í heimi. Þetta var allt dálítið svona stíft og formlegt og... En reyndar sluppum við nú við það að þéra kennara, eins og var nú gert hérna bara svo lengi vel. Þetta var svona eitthvað hátíðar eða virðingarávarp. En við sluppum nú við það.

ÞULUR

Margar reglur giltu í húsmæðraskólunum en það sem er stelpunum hvað minnisstæðast voru útivistarreglurnar.

BRYNJA

Það var nú kannski það sem við vorum helst ósáttar við að... að manni fannst maður vera hálfgerður sakamaður að vera lokaður inni og mega ekki fara út þó það væri geðveikt gott veður og allt.

VIDEO	AUDIO
<p>Ljósmyndir af Húsmæðraskólanum á Laugalandi.</p> <p>Ljósmyndir af stúlkum inn á herbergjum.</p> <p>Ljósmynd af forstöðukonu að líta inn í herbergi.</p> <p>Ljósmyndir af stúlkum utandyra.</p>	<p><u>LILJA</u> Vorum allar bíllausar og flestar próflausar og þurftum að vera komnar inn sko klukkan átta á kvöldin, einhversstaðar lengst út í sveit. Ég meina, hvað gat maður gert? [Hlær] Farið í fjós einhversstaðar. Það var það eina sem maður gat gert.</p> <p><u>ADALBJÖRG</u> Þetta var heimavist og það varð að vera regla og foreldrarnir treystu því að skólinn héldi utan um nemendurna. Og ætluðust ekki til þess að þeir væru bara út um borg og bý. Þeir ætluðust til þess að þeir væru hérna í skólanum til þess að læra og við náttúrulega reyndum að koma til móts við þær kröfur.</p> <p><u>ÞULUR</u> Stúlkurnar áttu að vera komnar inn í herbergin sín klukkan tíu á kvöldin og búnar að slökkva ljósin klukkan ellefu.</p> <p><u>ELÍN</u> Já, svo var litið inn í öll herbergin og það var stundum stolist til að kveikja aftur.</p> <p><u>ÞULUR</u> Stúlkurnar fengu ekki að fara út nema á sérstökum útivistartímum. Í Húsmæðraskólanum á Ísafirði fengu stúlkurnar slíkt útivistarleyfi á virkum dögum milli klukkan 5 og 6. Um helgar máttu þær vera úti til tólf á laugardagskvöldum og hálf tólf á sunnudagskvöldum. Þá fengu þær ballleyfi einu sinni í mánuði en þá þurftu þær að vera komnar inn í skólann í síðasta lagi klukkan hálf tvö um nóttina.</p> <p><u>BRYNJA</u> Og ef að það brást að við vorum ekki komnar inn klukkan hálf tvö þá var voðinn vís. Þá var bara allt í hers höndum og allt á suðupunkti hjá forstöðukonunni ef við stóðum ekki okkar pligt.</p>

VIDEO	AUDIO
	<p><u>HULDA</u> Svo hérna kom það fyrir að það var...að það brutu af sér stúlkur í helgarleyfi. Þær höfðu neytt áfengis. Og það var náttúrulega alveg stranglega bannað. Og þá var rosalega hart tekið á því.</p> <p><u>ANNA DÓRA</u> Og það náttúrulega, ef það var ekki farið eftir reglum og brotið... og var brotið af sér eitthvað, þá var fólk rekið. Það var bara rekið úr skólanum. Ef þær fóru ekki eftir settum reglum.</p> <p><u>GUNNA</u> Það fóru tvær, þennan vetur sem ég var.</p>
<p>BÚNINGURINN:</p> <p>Ljósmyndir af stúlkum í búningum.</p> <p>Ljósmynd af Lilju við pönnukökubakstur.</p> <p>Ljósmynd af stúlkum sitjandi við borð með kappi á höfðinu.</p>	<p><u>ÞULUR</u> Í öllum húsmæðraskólum voru stúlkurnar skyldugar að vera í búning þegar þær voru í eldhúsinu og að uppvarta.</p> <p><u>ÞULUR</u> Þær sem voru í eldhúsinu voru í sloppum og fóru það eftir hverjum skóla og tískustraumum hvers tíma hvernig sá sloppur var sniðinn.</p> <p><u>LILJA</u> Berleggjaðar í einhverjum sportsokkum sko. Það var nú ekkert alltaf neitt rosalega hlýtt. Og kannski ekkert heppilegasti klæðnaðurinn, af því að einmitt að slopparnir voru ekkert rosalega síðir hjá okkur sko. Þeir voru eins stuttir og við mögulega gátum haft þá. Og ekkert mjög hentugt að beygja sig og...í svona stuttum kjólum.</p> <p><u>ÞULUR</u> Þá þurftu þær einnig að vera með svokallaðan kappi á höfðinu.</p>

VIDEO	AUDIO
<p>Brot úr endurfundum Óskar sumarið 2011. Kona segir frá hvað kappi er.</p>	
<p>MATURINN:</p> <p>Ljósmyndir Huldu og stúlkum í garðyrkju.</p> <p>Ljósmynd af stúlkum að hella upp á kaffi.</p>	<p><u>HULDA</u> Þegar að við byrjuðum starfið á haustinu þá voru svona ákveðin verk sem þurfti að vinna, til dæmis í sambandi við garðyrkju. Við settum niður kartöflur við höfðum matjurtargarð útí hérna, úti í skólanum Og settum niður gulrætur og rófufræ og...að vorinu semsagt en þannig að við tókum upp bara þarna um haustið úr matjurtagarðinum.</p> <p><u>GUNNA</u> Fljótlega eftir að við komum þá var komin sláturtíð og við fórum...tókum slátur og gerðum slátur. Eftir það fórum við í berjamó. Það var svo góð tíð að eftir það gátum við farið í berjamó...og svo var unnið úr því...berjunum.</p> <p><u>HULDA</u> Og þetta var semsagt verið að undirbúa forðann fyrir veturinn fyrir þær. Því þetta var allt saman borðað allt saman yfir veturinn. Það fékk engin að eiga neitt þrívát og persónulega, ekki einu sinni við kennararnir. Við þurftum að láta berin sem við týndum í ferðinni í púkkið sko. Sameiginlega.</p> <p><u>ELÍN</u> Svo var náttúrulega allt nýtt sko. Það var til dæmis að það var aldrei hellt upp á kaffi nema það var alltaf hellt upp á korginn. Nema þegar að gestir komu. Þá var hellt upp á almennilegt kaffi. Korgurinn var alltaf soðinn þegar var hellt upp.</p>

VIDEO	AUDIO
<p>Ljósmyndir af stúlkum að elda og baka.</p> <p>Nokkrar ljósmyndir af matargerð og bakstri sýndar og tónlist spiluð undir.</p>	<p><u>HULDA</u> Því það var náttúrulega endalaust verið að borða þarna. Það var morgunmat, hádegismatur, miðdegiskaffi, kvöldmat og kvöldhressing. Það voru aldrei færri heldur en fimm máltíðir á dag.</p> <p><u>GUÐNÝ</u> Enda fitnuðum við. [Hlær]</p>
<p>AFÞREYING:</p> <p>Ljósmyndir af stúlkum í setustofu.</p> <p>Ljósmynd af stúlku að sauma við útvarp.</p>	<p><u>GUÐNÝ</u> Sko á kvöldin þá var...vorum við voða lítið úti.</p> <p><u>HULDA</u> Þær sem sagt hittust alltaf á kvöldin niðri - hérna - setustofu sem kölluð var. En í setustofunni, þar var líka kennd sko handavinnan.</p> <p><u>LAUFEY</u> Við lærðum vel að hlusta á útvarp. Það er voðalega gott þegar maður er að gera handavinnu að hlusta alltaf á útvarp. Og við hlustuðum alltaf á útvarpssöguna og svo las líka skólastjórinn fyrir okkur framhaldssögu.</p> <p><u>MARGRÉT</u> Og ég man alltaf maður sat á þriðjudagskvöldum spenntur og hlustaði á Lög unga fólksins. Það var gaman. Þá voru náttúrulega Bítlarnir alveg í „full swing[U+201F]“. Sérstaklega eitt lag sem ég man eftir, það var Pretty Woman. Það var náttúrulega ekki Bítlalag en það var sungið mikið og spilað.</p>

VIDEO	AUDIO
<p>Ljósmynd af stúlkum í leikbúningum og stúlkum að dansa í borðstofu.</p> <p>Ljósmynd af stúlkum að slást.</p> <p>Bútur úr Kvennskólaævintýrinu. Stúlkur í andaglas.</p>	<p><u>ELÍN</u> Þá vorum við með skemmtiatriði bara sem við bjuggum til sjálf og svo hlustuðum við á - við kölluðum hana alltaf frú Huldu - hún spilaði á píanó og við dönsuðum í borðstofunni.</p> <p><u>HULDA</u> Og svo bara voru þær rosalega duglegar bara að finna sér eitthvað.</p> <p><u>LILJA</u> Við vorum náttúrulega með plötuspilara og vorum að spila plötur og það voru oft dansaðir gömlu dansarnir eftir göngunum og það voru slagsmál og allskonar.</p> <p><u>HULDA</u> Þær fóru í andaglas.</p> <p><u>GUÐNÝ</u> Það var sko rosalega spennandi. Því það var náttúrulega mátti ekki sko. Og þá lokuðum við okkur af og það var alltaf þessi spurning sem sjálfsagt allar stelpur - þarna: "Er þessi skotinn í mér?", eða "Hverjum giftist ég?"</p> <p><u>SPYRILL</u> Fenguð þið svör?</p> <p><u>GUÐNÝ</u> Já, já, allavegana svör.</p>
<p>STRÁKARNIR:</p>	<p><u>BRYNJA</u> Ég man alltaf eftir því að ein stelpa sagði við mig sem átti heima stutt frá mér - þegar hún vissi að ég ætlaði að fara í húsmæðraskólann - „Ha! ætlarðu að fara í húsmæðraskóla? Það er ömurlegt. Það eru engir strákar þar.“</p>

VIDEO	AUDIO
<p>Ljósmynd af strákum standandi á Willy's jeppa.</p> <p>Bútur úr Kvennaskólaævintýrinu. Strákar að skoða stúlkurnar sem eru að koma í húsmæðraskólann.</p>	<p><u>PULUR</u> Mikið rétt. Húsmæðraskólarnir voru bara ætlaðir stúlkum og þær höfðu lítið að segja af karlkyninu. Eða hvað?</p> <p><u>HULDA</u> Um leið og þær voru komnar í skólann þá var bara...þá streymdu bílar heim í skólann. Því að þeir voru náttúrulega að kíkja á þessar stelpur sem að voru þarna komnar og hvernig að árgangurinn - eins og þeir sögðu - hvernig að árgangurinn liti út.</p> <p><u>GUÐNÝ</u> En þeir fengu ekkert að koma inn. En það... Stelpurnar fóru svona á rúntinn með þeim - sem að þekktu þá sko. En ég þekkti þá ekkert sko.</p> <p><u>LILJA</u> En þeir voru ekkert með neitt svona vesen eða neitt svoleiðis.</p> <p><u>BRYNJA</u> Eina nóttina höfðu strákar farið inn í skólann og þeir höfðu komið með heila fiska - alveg í heilu lagi - lögðu á fat og settu á borðið, lögðu diska á borðið og hnífapör og allt og bara þetta beið þeirra um morguninn. Þeir gerðu ekkert annað sko, þeir bara... þetta beið.</p> <p><u>LAUFEY</u> Ég man hún sagði daginn eftir, ég man ekki hvort það var eftir Hvanneyringaballið eða árshátíðina, sagði hún gamla Ólöf Blöndal: „Ja, mér þótti þeir nú...þótti nú heldur skrítið þegar að piltarnir ykkar voru farnir að fara úr jökkunum í gærkvöldi.[U+201F]Þá var það ekki tilhlýðandi. Það var svo heitt að þeir voru farnir að fara úr jökkunum. Það var ekki nógu pent sko.</p> <p><u>LILJA</u> Það var ferlega fyndið það komu</p>

VIDEO

AUDIO

Ljósmynd af stúlku sem stendur úti í glugga.

Bútur úr
Kvennaskólaævintýrinu.
Strákur að skríða inn um
glugga á húsmæðraskólanum.

kannski bílar niður á hlað svona einhverntímann á vetrinum og þá voru allir út í glugga...

ANNA

Það var voða sport að liggja úti í glugga og fylgjast með hverjir væru að koma.

BRYNJA

Þá náttúrulega áttum við til að fara út í gluggann og vinka eða jafnvel tala við þá og þá kom nú fyrir að Þorbjörg kom sko og það okkur að hætta.

LILJA

Og kennararnir urðu alveg brjálaðir.

BRYNJA

Þó ég sjái nú svo sem ekki hvað var skaðlegt við þetta - skilurðu? Það var svolítið langt á milli okkar. Þeir í bílnum og við í glugganum. En svona var þetta bara. Þetta átti að vera svo voðalega mannskemmandi að gera eitthvað svona.

ADALBJÖRG

Ég vil nú ekkert kalla það vandamál. Það er nú einu sinni svona að strákar hafa áhuga á stelpum og gagnkvæmt. Auðvitað urðum við nú eitthvað að skipta okkur af - halda upp einhverjum reglum. Það var ekkert hægt að láta þá ganga út og inn eins og ekkert væri. Ekki þegar að átti að vera hér næði. En þetta er nú bara hið mannlega eðli og það spornar enginn við því.

VIDEO	AUDIO
<p>Nokkrar ljósmyndir af þörum að dansa birtast og tónlist spiluð undir.</p> <p>Ljósmynd af hóp af strákum sitjandi í stiga inn í húsmæðraskolanum á Laugalandi.</p>	<p><u>LAUFEY</u> Það var sagt sko, sérstaklega sko ef það var vitað til að við ætluðum að fara á ball eða það væri lyklaleyfi svokallað. Við værum að fara eitthvað að skemmta okkur, þá var sungið á föstudögum Með freistingum gæti ég fallið því ver. Það var mjög oft sungið á föstudögum. Þetta kunni maður alveg utan að og kann enn.</p> <p><u>GUNNA</u> Ég fékk eiginlega bónorðsbréf þennan vetur. Já, ég beit ekki á. Það var einn maður þarna úr sveitinni bara. Ég ætla ekkert að segja hver það er.</p> <p><u>HULDA</u> Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því áður en ég fór hvað þetta var mikil miðstöð í sveitinni og hafði í rauninni bara mikið að segja fyrir mannlífið.</p>
<p>REGLUR BROTNAR:</p> <p>Ljósmyndir af stúlkum að vinna ýmis verk utandyra.</p>	<p><u>ÞULUR</u> Eins og komið hefur fram hér fyrir þá var fullt af reglum í húsmæðraskólunum. Og óánægðastar voru þær með útivistarreglurnar. Og eru reglur ekki fyrst og fremst til þess að brjóta þær?</p> <p><u>GUÐNÝ</u> Sumar voru dálítið svona að stelast út. Ég var mjög saklaus. Gerði ekkert af mér.</p> <p><u>BRYNJA</u> Og ég fór nú ekki nema einu sinni. Og það komst ekkert upp um mig sko. En það komst upp um aðrar. Og það var náttúrulega allt bara brjálað gjörsamlega yfir því.</p> <p><u>ANNA DÓRA</u> Gerðuð þið það aldrei?</p> <p><u>GUNNA</u> Nei.</p>

VIDEO	AUDIO
<p>Ljósmynd af stúlkum undir vegg að reykja.</p>	<p><u>ANNA DÓRA</u> Nei. Þær gerðu þetta aðeins, þarna þegar ég var sko.</p> <p><u>LILJA</u> Við vorum reyndar óvenju stilltar - hópur - sko með það, að vera strjúka neitt eða stelast út. Það var helst sko, þær sem að reyktu að þær voru að reyna að fara út eða stinga hausnum út um gluggann eða eitthvað svoleiðis.</p> <p><u>GUÐNÝ</u> Þá var ein skólasystir mín... Hún hafði farið út sko...lét sig síga niður af svölunum. Hafði bundið lak eða eitthvað í svalirnar og hún þarna datt og brákaði á sér hrygg og varð bara að liggja í rúminu bara í margar vikur sko - eða allavegana í mjög langan tíma. Þannig að hún var heppin að bara að lamast ekki sko.</p> <p><u>BRYNJA</u> En svo var veturinn sko eftir að við vorum - af því að þær voru svolítið kræfar þarna sumar - að þá var sett bara rimlar fyrir. Það var aðallega farið út um vefstofugluggana. Þeir voru svona á jarðhæð, eða hálfgerðum kjallara minnir mig og það voru settir járnrimlar fyrir alla gluggana þar.</p>
<p>ENDALOKIN:</p> <p>Blaðaúrklippa með fyrirsögninni: Aðsókn að húsmæðraskólunum minnkanndi.</p> <p>Blaðaúrklippa með fyrirsögninni: 313 nemendur í húsmæðraskólunum sem rúma 395 í heimavistum.</p>	<p><u>ÞULUR</u> Upp úr 1970 fór aðsókn í húsmæðraskólanna að dvína.</p> <p><u>HULDA</u> Og þá var líka komið svolítið þannig að þá var verið að senda þær. Þær voru sendar á vegum sko...félagsmálayfirvalda og þær voru ekki þarna kannski alveg af fúsum og frjálsum vilja.</p> <p><u>ADALBJÖRG</u></p>

VIDEO

AUDIO

Blaðaúrklippa með
fyrirsögninni: Eru
húsmæðraskólar úreltir?

Dregið inn að setningu í
blaðaúrklippur þar sem
Rauðsokkarhreyfingunni er
einkum kennt um.

Blaðaúrklippur um styttri
námskeið í húsmæðraskólum og
ljósmyndir af karlmönnum á
slíkum námskeiðum.

Og ástæðurnar voru sjálfsagt margar og ég hef ekki farið í neinar rannsóknir varðandi það. Ég hef bara mínar hugmyndir. Hvort sem þær eru réttar eða ekki. Í fyrsta lagi varð náttúrulega fjölgun á skólum. Það voru möguleikar fyrir stúlkurnar að menntast í sínum heimahéruðum. Þurftu ekki að fara langar leiðir á skóla. Og gátu farið í allskonar skóla: menntaskóla, iðnskóla, hina og þessa skóla.

ÞULUR

Önnur ástæða sem nefnd hefur verið fyrir minnkandi aðsókn er að húsmæðraskólanámið var ekki metið til vinnu eða upp í meira nám.

HULDA

Þetta var ekki tekið inn í fjölbrautarkerfið. Þú fékkst engar námseiningar út á að vera þarna. Og þú þurftir að borga þessa dvöl alfarið sjálf.

ÞULUR

Á þessum tíma voru einnig Rauðsokkurnar að ryðja sig til rúms með jafnrétti kynjanna að markmiði.

MARGRÉT

Það átti engin kona að vera heima að hugsa um heimilið. Það átti engin kona að læra þetta. Hússtjórnarskólar voru óskaplega hallærislegir. Þú veist, það var eitthvað svona dæmi í gangi mikið. Svo líka þótti það voða þúkalegt. Afspyrnu þúkalegt.

ÞULUR

Gripið var til ýmissa úrræða til að auka aðsókn í húsmæðraskólanna. Meðal þess sem gafst vel voru styttri námskeið sem haldin voru í öllum greinum fyrir íbúa héraðanna og matreiðslunámskeið fyrir karlmenn.

VIDEO	AUDIO
<p>Blaðagrein með fyrir sögninni: Markum kapitula að ljúka?</p> <p>Ljósmyndir af Lilju frá tíma hennar í Húsmæðraskólanum á Laugalandi.</p>	<p><u>ÞULUR</u> En allt kom fyrir ekki og eftir 1975 lognuðust húsmæðraskólarnir út af einn af öðrum.</p> <p><u>LILJA</u> Ég hef oft hugsað um það eftir á sko, hvað í rauninni gagn maður hafði af þessum skóla? Það... Maður náttúrulega lærði ýmislegt, eins og í sambandi við handavinnu og náttúrulega ýmislegt í sambandi við eldhús, bakstur og svona. En eins og ég til dæmis kom frá heimili þar sem að maður var búin að vera að læra að elda mat bara frá því maður var...náði upp á eldavél eða liggur við. Og leggja á borð og vaska upp og hjálpa mömmu með þvott og þvo gólf og þrífa og... Þannig að það var í rauninni ekkert nýtt fyrir mér. En eins og ég segi sko, sumar kunnu ekki einu sinni að setja á rúmið sitt sko. Hvað þá að elda einhvern mat. Hefur örugglega verið mjög fínt fyrir þær. [Hlær]</p> <p><u>LAUFEY</u> Margar ábyggilega lærðu tillitssemi og að taka tillit til...vera sko hluti af hópnum. Sumar áttu sko miserfitt með að læra það. Það var alveg staðreynd.</p> <p><u>ANNA DÓRA</u> Ég held ég hafi ekki mikið lært í að elda mat. Það kannski skapast af því að mér finnst það ekki skemmtilegt. Þetta var náttúrulega... þetta var svo formfast allt. Þú áttir að gera þetta svona og svona og svona. Og svo gerðir þú það náttúrulega ekkert þegar þú fórst að vinna heima hjá þér.</p>

VIDEO	AUDIO
<p>Blaðaúrklippa með fyrirsögninni: Heimilisfræði valgrein í gagnfræðaskóla.</p> <p>Ljósmyndir af konum að elda mat.</p> <p>Ljósmyndir af Huldu og stúlkum í húsmæðraskólanum.</p>	<p><u>HULDA</u> En það hefur ekkert komið raunverulega í staðinn fyrir þetta. Búið að minnka matreiðslukennslu í grunnskólanum og þvottur og ræsting er hvergi kennt held ég. Sem er náttúrulega bara töluvert þýðingamikið að fólk kunni á það. En ég held að það hafi verið sko rosalega góð kennsla sem fór fram í þvotti og ræstingu.</p> <p><u>LILJA</u> Ég segi það ekki að náttúrulega sumt af þessu kannski hefur komið manni að gagni einhverntímann eitthvað en. Og þessar seremóníur eins og í kringum þvotta og bakstur og allt þetta dót, en ég held að við hefðum líka alveg komist af án þess.</p> <p><u>ANNA DÓRA</u> Þetta hafa örugglega verið afskaplega þarfar stofnanir þegar að til þeirra var stofnað. Því að konur voru... Þetta var kannski mesti möguleiki fyrir konur til sveita og úr sveitum að fara í skóla. Þó að það hafi verið húsmæðraskóli.</p> <p><u>GUNNA</u> Ég hafði ekki eldað nokkurn skapaðan hlut áður en ég kom þarna. Mamma var heima og eldaði.</p> <p><u>HULDA</u> Eina sem mér fannst - eins og ég segi - mér fannst hefði mátt vera svolítill meiri tilslökun. Lofa þeim að hérna...þegar farið var að verða bjart á kvöldin að vera svolítið lengur úti og hætta að læsa. Ég held að það hefði, hérna, það hefði ekkert orðið neitt. Það hefði ekki skeð neitt sem var neitt. Mér fannst svona kannski fullstrangur agi á þeim.</p> <p><u>ELÍN</u> Ég hugsa að maður hafi nú bara haft gott af þessu. Það er allt í lagi líka. Að hafa einhverjar reglur.</p>

